



Ég vil skapa töfra

Marta Nordal varð fimm ára gömul heilluð af leikhúsheiminum og árin hafa síður en svo dregið úr þeirri ástriðu. ➔20



Kennir fólki í hjólastól að dansa
Javi fékk annað tækifæri á Íslandi. ➔18



Harmleikur breytti afstöðunni til lífsins
Egill stökk á tækifæri til að hafa áhrif. ➔26



Gallarnir í dagsljósið
Ný bók um Karl Bretaprins vekur athygli. ➔28

PLÚS 2 SÉRBLÖÐ • FÓLK • ATVINNA
*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Gleðilega páska

Opið alla páskana frá 8–24 í Lyfju Lágmúla og Smáratorgi

Netverslun okkar er opin allan sólarhringinn á lyfja.is

LYFJA

Lífð heil

MESTA ÚRVAL LANDSINS AF HEIMILISTÆKJUM!

SENDUM UM LAND ALLT ELKO.IS

ELKO

SMÁRALIND

GLEÐILEGA PÁSKA

OPIÐ 11-18 Í DAG

Veður



-1°↗4

1°←3

-1°↓6

5°←1

1°↙4

Austlæg átt á landinu í dag. Dregur smám saman úr vindi og léttir til fyrir norðan og vestan, en skýjað og víða dálitlar skúrir eða el sunnan- og suðaustanlands.

SJÁ SÍÐU 42



iPhone-símar. MYND/APPLE

Hægt að herða á iPhone-símum

TÆKNI Fyrir nokkru kom í ljós að tæknirisinn Apple hægði viljandi á eldri iPhone-símum. Sagði fyrir-tækið það gert í þeim tilgangi að auka rafhlöðuendingu enda væru rafhlöður í eldri símum oftar en ekki orðnar gamlar og lélegar.

Nú hefur þeim nýja valmöguleika verið bætt við í nýjustu uppfærslu iOS (iOS 11.3), stýrikerfis iPhone-símanna, að hægt er að slökkva á þessum eiginleika. Er það gert með að fara í Settings > Battery > Battery Health (Beta).

Þar er hægt að sjá ástand rafhlöðunnar, til dæmis rafhlöðuendingu nú miðað við endingu nýrrar rafhlöðu sömu tegundar. Einnig er hægt að ýta á Disable undir flipanum Peak Performance Capacity til þess að herða aftur á síma sem Apple hafði hægt á. – þea

Írskar krár opnar í fyrsta sinn í rúm 90 ár

ÍRLAND Bjórþyrstir Írar eru sigri hrósandi eftir að lög sem bönnuðu sölu á áfengi á föstudaginn langa voru felld úr gildi á írsku þinginu fyrr á árinu. Afnáam laganna gerði kráareigendum á Írlandi kleift að hafa opið í gær, á föstudaginn langa, í fyrsta sinn í rúmlega 90 ár.

Lögin bönnuðu sölu áfengis þrjá daga á ári; föstudaginn langa, jóladag og dag heilags Patreks. – ósk

Rjómabliða í Bláfjöllum



Það var rjómabliða, bæði bjart og fallegt, í Bláfjöllum í gær, á föstudaginn langa, en skiðasvæðið verður opið alla páskana frá klukkan 10 til 17 og tilvalið að nýta góða veðrið í útivist með vinum og fjölskyldu. Það stóð ekki á þessum unga manni að sýna listir sínar á snjóbretti fyrir ljósmyndara Fréttablaðsins í hliðum Bláfjalla í gær, en hjálmurinn er algjört lyklatríði ef til stendur að leika þessar æfingar eftir. FRÉTTABLAÐID/ANDRÍ MARINÓ

Lögreglan lýsir eftir eigendum muna á Pinterest

LÖGREGLUMÁL Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu lýsir eftir eigendum hvers kyns muna sem henni hafa borist undanfarið. Hægt er að finna ljósmynd af hverjum og einum hlut á Pinterest-síðu lögreglunnar og kennir þar ýmissa grasa. Þar er til að mynda að finna ýmsa skartgrip, raf-tæki, lykla, bakpoka og fleira.

Hald var lagt á stóran hluta munanna í tengslum við innbrotahrinu á höfuðborgarsvæðinu en í tilkynningu frá lögreglu segir að tekist hafi að koma stórum hluta til réttmætra eigenda. Þrátt fyrir það sé töluvert magn sem ekki er vitað hvaðan kemur.

Ef einhver kannast við munina og telur sig eiga þá er viðkomandi bent á að hafa samband við lögregluna.

– ósk



Viðkvæm svæði liggja undir skemmdum

„Þetta svæði verður að fá hvíld,“ segir staðarhaldari Landbúnaðarháskólans á Reykjum. Umhverfisstofnun varð við beiðni um að loka viðkvæmum svæðum í Reykjadal. Tugir þúsunda ferðamanna eru á svæðinu yfir vetrarmánuðina.

UMHVERFISMÁL „Ef gróðurinn þarna fær ekki frið, þá er voðinn vis,“ segir Guðríður Helgadóttir, staðarhaldari Landbúnaðarháskólans á Reykjum í Ölfusi, um náttúruperluna Reykjadal norðan við Hveragerði, þar sem viðkvæm svæði liggja undir skemmdum vegna gríðarlegs álags sem fylgir ferðamannastraum þangað. Guðríður og fleiri óskuðu eftir því á miðvikudaginn síðastliðinn að Umhverfisstofnun lokaði ákveðnum svæðum í Reykjadal en stofnunin varð við því gær.

Lokunin tekur gildi í dag, laugardag, klukkan 10.00 en stefnt er að því að endurskoða lokunina innan tveggja vikna. Samkvæmt upplýsingum frá Umhverfisstofnun er svæðinu lokað til að vernda gróður og landslag umhverfis göngustíginn í Reykjadal. Landið er í eigu íslenska ríkisins en Landbúnaðarháskólinn sér um vörslu svæðisins.

„Þetta er mjög viðkvæmt svæði,“ segir Guðríður. „Þarna erum við kominn inn til fjalla. Vaxtartíminn er stuttur og gróður þarna er afar viðkvæmur. Þegar við höfum fleiri tugi þúsunda ferðamanna á gangi um svæðið allan veturinn, þegar jörð er að þíðna og orðin blaut, þá lítur svæðið afar illa út. Þá sérstaklega þar sem fólk gengur út fyrir stígana, þá verður þetta bara drullusvað. Þetta svæði verður að fá hvíld.“

Hún bendir á að Reykjadalur sé ekki friðað svæði og því sé engin landvarsla þar. Landbúnaðarháskólinn fái fé til að standa undir skólastarfi en ekkert fé sé sérstaklega veitt til verndar Reykjadal.

„Landið nær sér ef það fær frið. Þetta er ekki í fyrsta skipti sem við



Eins og sjá má eru sum svæði í Reykjadal forarsvað eitt. FRÉTTABLAÐID/UST

Þetta er túrisminn á Íslandi í hnotskurn.

Guðríður Helgadóttir, staðarhaldari Landbúnaðarháskólans á Reykjum í Ölfusi



höfum séð svæði í Reykjadal fara svona, en þetta er í fyrsta skipti sem við höfum leitað til Umhverfisstofnunar um að loka.“

Guðríður segir gríðarlegan fjölda ferðamanna fara um svæðið. Þeim hafi fjölgað meira en nokkurn óraði

fyrir. Frá árinu 2012 hafi fengist styrkir, meðal annars úr framkvæmdasjóði ferðamannastaða, til að halda göngustígum í lagi og til að tryggja öryggi fólks, enda er Reykjadalur hverasvæði.

„Þegar ég var tvítug fór ég með kærastanum mínum í sund í læknum. Þetta var seint í maí og þar vorum við alein. Fyrir fjórum árum fórum við þarna með nokkra kennara og við þurftum að olnboga okkur leið ofan í lækinn. Sá fjöldi sem fer þarna um hefur bara vaxið síðan þá,“ segir Guðríður og bætir við: „Þetta er túrisminn á Íslandi í hnotskurn. Við vorum ekki reiðubúin því að fá þennan gríðarlega fjölda til okkar.“

kjartanh@frettabladid.is

Slakaðu á með Slökun

Einkenni magnesíum-skorts

- ↪ Lítil orka
- ↪ Þröttleysi
- ↪ Veik bein
- ↪ Hormóna ójafnvægi
- ↪ Svefntruflanir
- ↪ Vöðvakrampar, kippir og spennar
- ↪ Kólkun líffæra
- ↪ Öreglulegur hjartsláttur
- ↪ Kvíði
- ↪ Streita
- ↪ Pirringur



Mamma Veit Best

HREIN HEILSA

www.mammaveitbest.is

HELGARSPRENGJA!

AÐEINS Í DAG LAUGARDAG

ALLIR SÓFAR

20-40%

AFSLÁTTUR

ÖLL RÚM
OG DÝNUR

20-40%

AFSLÁTTUR

SWEET DREAM
MEMORY FOAM

SleepWell

GOLD
EINSTÖK
GÆÐI

MEMORY FOAM

Royal Dream
MEMORY FOAM

PRÓFIÐ
GOLD
DÝNU
ÞÚ FÆRÐ 100
NÆTUR TIL
PRÓFUNAR

ALLAR SÆNGUR

20-40%

AFSLÁTTUR

KRONBORG
OF DENMARK

PLUS
ÞEGNINDI
& GÆÐI

QUILTS OF
DENMARK

GOLD
EINSTÖK
GÆÐI

KRONBORG
OF DENMARK

PLUS
ÞEGNINDI
& GÆÐI

Flora Danica
Traditional Danish Handmade
Flora Danica
Traditional Danish Handmade
Flora Danica
Traditional Danish Handmade

GOLD
EINSTÖK
GÆÐI

RINGSTED DUN
GOLD
EINSTÖK
GÆÐI

RÚMFATA
LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

WWW.RFL.IS

VALTÖR
KORTALAN
ALLT AÐ 36 MÁNUÐIR

Netgíró

VEFVERSLUN

WWW.RFL.IS

ÓPIÐ ALLAN
SÓLARHRINGINN

Rússnesk stjórnvöld vísa 59 erindrekum frá 23 ríkjum úr landi

RÚSSLAND Utanríkisráðuneyti Rússlands tilkynnti í gær um brottvísanir 59 erindreka frá 23 ríkjum. Um er að ræða gagnaðgerðir eftir að ríkin vísuðu rússneskum erindrekum úr landi vegna efnavopnaárásarinnar á fyrrverandi gagnnjósarann Sergei Skripal og Júlíu dóttur hans í Salisbury fyrr í mars.

Ísland var ekki á listanum sem ráðuneytið birti í gær og ekki heldur Bretland eða Bandaríkin, enda var áður tilkynnt um brottvísanir erindreka þeirra tveggja ríkja. Vísuðu Rússar 23 Bretum úr landi og 60 Bandaríkjamönnum. Bretum var jafnframt

» Ísland var ekki á listanum sem ráðuneytið birti í gær og ekki heldur Bretland eða Bandaríkin.

gert að skera niður í starfslíði bresku utanríkisþjónustunnar í Rússlandi.

Í þokkabót verður ræðismannsskrifstofu Bandaríkjanna í Sankti Pétursborg lokað. Á dögunum bauð rússneska sendiráðið í Bandaríkjunum einmitt upp á skoðanakönnun á Twitter þar sem fylgjendur voru spurðir hvaða ræðismannsskrifstofu



Ræðismannsskrifstofa Bandaríkjanna í Sankti Pétursborg. NORDICPHOTOS/AFP

ætti að loka. Varð Sankti Pétursborg þá fyrir valinu en ekki er hægt að fullyrða að skoðanakönnunin hafi haft áhrif á ákvörðun Rússa.

Þá sagði í tilkynningunni að Rússar áskildu sér rétt til þess að vísa erindrekum Belgíu, Ungverjalands, Georgíu og Svartfjallalands úr landi en þau ríki hafi ákveðið að slást í hópin með hinum ríkjum „á síðustu stundu“.

Utanríkisráðuneytið sagði í annarri tilkynningu að Bandaríkjamenn hefðu með skipulögðum hætti áreitt rússneska erindreka eftir að Rússar tilkynntu um brottvísun Bandaríkjamannanna. – þea

Sneri aftur eftir hjartaaðgerð

BANDARÍKIN Liðan tortímandans Arnolds Schwarzenegger var í gær sögð stöðug eftir að hann var drifinn í opna hjartaaðgerð seint á skírdag. Var þá skipt um slöngu í hjartaloku en slíkri slöngu var fyrst komið fyrir í hinum austurrísk-bandaríska Schwarzenegger árið 1997.

Þegar tortímandinn vaknaði á hann að hafa sagt „I'm back“, eða „ég hef snúið aftur“. Kallast það á við fleg orð úr kvikmyndinni Tortímandanum frá árinu 1984. Fór Schwarzenegger þar með titillutverkið og sagði, þegar honum var neitað um innngöngu á lögreglustöð, „I'll be back“, eða „ég sný aftur“.

Schwarzenegger fékk svo batakveðjur frá Sebastian Kurz, kanslara Austurríkis. „Ég hlakka til að hitta þig á ný“, tisti Kurz. – þea

Vilja heilsársveg yfir kaldan Kjöl

ALÞINGI Þeir þingmenn Sjálfstæðisflokksins vilja að Kjalvegur verði endurnýjaður með það að markmiði að vegurinn verði heilsársvegur.

Njáll Trausti Friðbertsson er fyrsti flutningsmaður en Vilhjálmur Árnason og Haraldur Benediktsson standa einnig að tillögunni.

Í tillögu til þingsályktunar leggja þeir til að samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra verði falið að hefja undirbúning að endurnýjun vegarins og skal þeirri vinnu lokið fyrir 1. febrúar næsta árs. Framkvæmdir skuli hefjast í beinu framhaldi.

Lagt er til að verkefnið verði einkafrankvæmd og komi það því ekki til með að hafa áhrif á forgangsroðun samgönguáætlunar. Öryggis-, byggða- og umhverfisverndarsjónarmið hnigi til þess að vegurinn verði tekinn í gegn. – jõe

Gríðarlegur munur á ávísunum sýklalyfja eftir landshlutum

Sjö prósent aukning varð milli ára í ávísunum á sýklalyfjum til barna yngri en fimm ára. Mestu er ávísað á höfuðborgarsvæðinu og á nærliggjandi svæðum en langminnst á Norðurlandi og á Vestfjörðum.

HEILBRIGÐISMÁL Gífurlegur munur er á fjölda sýklalyfjaávísana til barna yngri en fimm ára milli heilbrigðisumdæma. Flestum skömmtum er ávísað á Suðurnesjum og höfuðborgarsvæðinu en minnstu á Vestfjörðum.

Nýjustu tölurnar um sýklalyfjaávísanir eru frá árinu 2016 en þá voru ávísanir til fyrrgreinds aldurshóps 1.202 ávísanir á hverja þúsund íbúa. Það er um það bil sami fjöldi og var árið 2012 en árin þar á milli var samdráttur í ávísunum. Aukningin milli áranna 2015 og 2016 var sjö prósent.

„Þetta veldur auðvitað talsverðum vonbrigðum enda höfum við verið með nokkurn áróður á móti ofnotkun sýklalyfja“, segir Karl G. Kristinsson, prófessor í sýklafræði og yfirlæknir á sýklafræðideild Landspítalans.

„Við höfum verið að nota meira en hin Norðurlöndin. Ef við berum okkur til að mynda saman við Svía erum við að nota nærri tvöfalt meira en þeir og við erum að auka notkun meðan þeir eru að draga hana saman“, segir Karl.

Sé litið til heilbrigðisumdæma hér á landi sést að langminnstu af slíkum lyfjum er ávísað á Vestfjörðum eða



Flestum skömmtum af sýklalyfjum til barna er ávísað á Suðurnesjum og höfuðborgarsvæðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Ef við berum okkur til að mynda saman við Svía erum við að nota nærri tvöfalt meira en þeir

Karl G. Kristinsson, prófessor í sýklafræði



686 ávísanir á hverja 1.000 íbúa. Norðlendingar eru síðan næstir með 794 ávísanir. Nærri tvöfalt fleiri ávísanir eru hins vegar á Suðurnesjum og höfuðborgarsvæðinu eða rúmlega 1.290 á 1.000 íbúa.

Sé litið til sveitarfélaga má sjá að

langmestu er ávísað í Garðabæ eða 1.589 ávísanir hverja 1.000 íbúa. Á Akureyri er hlutfallið hins vegar ríflega helmingi lægra.

„Það fer örlítið eftir kúltúrnum á hverjum stað fyrir sig. Læknar á Norðurlandi eystra, Austfjörðum og Vestfjörðum hafa yfirleitt notað lítið af sýklalyfjum“, segir Karl.

Að mati Karls er erfitt að fullyrða með vissu hvað býr þar að baki. Læknar á fyrrgreindum svæðum, og þá sérstaklega á Akureyri, hafi sýnt ákveðið aðhald í þessum efnunum. Sumir þeirra hafa einnig verið lengi á svæðinu en afleysingalæknar geti oft verið gjarnari á að ávísa lyfjum. Þá hafi aðgengi að læknum sitt að

segja. Þar sé ekki svo auðvelt að leita á önnur mið meðan aðgengið er nægt á höfuðborgarsvæðinu.

Á síðasta ári hófst verkefni hjá Heilsugæslunni á höfuðborgarsvæðinu, í samstarfi við Landlækni, sem miðar að því marki að læknar sem þar starfa geta séð hvar þeir standa í fjölda ávísana miðað við aðra.

„Verkefni heilsugæslunnar er metnaðarfullt og ánægjulegt að sjá að menn stefna að því að bæta sig í þessum málum. Stjórnvöld hafa hingað til ekki sett sér nein markmið í þessum efnunum og enn ekki er til nein stefna fyrir Ísland. Það er vonandi að þetta verði til þess að slíkt breytist smám saman“, segir Karl. joli@frettabladid.is

JEEP® GRAND CHEROKEE TRAILHAWK TORFÆRUÚTGÁFAN AF ÞESSUM FRÁBÆRA JEPPA

VERÐLÆKKUN

DÍSEL 3.0L V6 250 HÖ. 8 GÍRA SJÁLFSKIPTING HÁTT OG LÁGT DRIF

Quadra-Drive™ fjórhjóladrif, driflæsing að aftan, loftpúðafjöðrun, 18" álfelgur, grófari dekk, 8,4" snertiskjár, lykillaust aðgengi og ræsing, rafdrifinn sport sæti frammi í með hita og kælingu, leður/rúskinnsáklæði, rafdrifinn afturhleri, Bi-Xenon og LED framljós, bakkmyndavél, hiti í stýrishjóli, íslenskt leiðsögukerfi, hlífðarplötur undir vél, kössum og eldsneytistönkum o.fl.

TRAILHAWK VERÐ FRÁ: 9.990.000 KR.

Grand Cherokee Laredo verð frá: 8.690.000 kr.



ISABAND
ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF. BÍLAUMBOD

Umboðsaðili Jeep - Þverholti 6 - 270 Mosfellsbær - s. 534 4433

www.jeep.is - www.isband.is - isband@isband.is - Ópið virka daga 10-18 - Laugardaga 12-16



HÚSASMÍÐJAN
HLUTI AF BYGMA

blómaval

Opið annan í páskum
í Skútuvogi kl. 10-17
Sjá aðra opnunartíma á husa.is

PÁSKA TILBOD

SÚPER TILBOD

Páskaliljur
10 stk.

999 kr
~~1.490~~ kr

FRÁBJERT VERÐ

Páskaliljur í potti
tæt a tæt

399 kr
~~499~~ kr

OUTBACK

SÚPER TILBOD

Gasgrill
Sunset Solo 3, 3ja brennara.
Grillflötur: 62,8x40,6 cm.
3000393

25.990 kr
~~36.990~~ kr

OUTBACK

SÚPER TILBOD

17.990 kr
~~20.990~~ kr

Gasgrill
2ja brennara með hliðaborði.
Grillflötur: 50x36 cm.
3000225

SÚPER TILBOD Broil King

26.175 kr
~~34.900~~ kr

Gasgrill Porta Chef 320
5,25kW brennarakerfi úr ryðfriú stál,
grillgrindur úr steypujárni, þrír brennarar.
3000316

weber

FRÁBJERT VERÐ

47.975 kr

Gasgrill Q2200
Gasgrill á fótum, Grillflötur: 39x54 cm,
ryðfrír brennari.
3000378

Vorerika
10327408

599 kr



30%
afsláttur

SÚPER TILBOD

27.293 kr
~~38.990~~ kr

Trampolín 3,66 m
12 fet/3,66 m, 6 fætur með öryggisneti.
3900557

FRÁBJERT VERÐ

799 kr

Páskagreinar
Forsythia, 3 stk.

Hjólin eru komin
fyrir alla fjölskylduna
39.900 kr

Author Trophy 26"

Stell úr álblöndu, 3,3 kg.
Skipting: Shimano 21, 18 girar,
Tektro V bremsur. Dekk: Author
Speed master 26"x2,0". Þyngd: 14,3 kg/19".
3901410-1

AUTHOR



Byggjum á betra verði

husa.is

Fánann að húni og frí fyrsta desember

ALÞINGI Þingflokkur Miðflokksins auk tveggja þingmanna Flokks fólksins hefur lagt fram frumvarp um breytingu á fánalögum þess efnis að Alþingi, Stjórnarráðinu og Hæstarétti verði gert skylt að draga tjúgufánann að húni alla daga ársins. Þá verði skylt að draga fána forseta Íslands að húni við embættisbústað hans og skrifstofu hans í Reykjavík.

Þá er lagt til í frumvarpinu að fáninn skuli blakta frá átta að morgni til klukkan níu að kvöldi. Í skammdeginu skuli fánarnir lýstir upp. Lögin vikja því frá forsetaúrskurði um fánadaga og fánatíma að því leyti að þar er kveðið á um að fáni skuli að jafnaði ekki vera uppi lengur en til sólarlags.

Birgir Þórarinnsson, þingmaður Miðflokksins, er fyrsti flutningsmaður frumvarpsins.

Lagt er til að lögin taki gildi á hundrað ára fullveldisafmæli Íslands þann 1. desember næstkomandi. Á hádegi á þeim degi fyrir hundrað árum var klofinn fáni dreginn að fánahúni Stjórnarráðsins er sambandslögin tóku gildi.

Þá hefur Miðflokkurinn, auk Ólafs Ísleifssonar úr Flokki fólksins, einnig lagt til að fullveldisdagurinn verði lögbundinn fridagur enda enginn núverandi lögbundinn fridagur „haft í för með sér jafnmiklar grundvallarbreytingar á sögu og lífi íslensku þjóðarinnar“. –jóe

Þíslargangan leikin eftir



Þótt landsmenn hafi fengið að kynnst því í gegnum tíðina að Filippseyingar leiki þíslargöngu Jesú Krists, og krossfestinguna, eftir á föstudaginn langa ár hvert eru þeir ekki einir um þá hefð. Þessi nigeríski maður bar krossinn, í fylgd rómverskra hermanna, á götum Lagos-borgar í gær. NORDICPHOTOS/AFP

Vilja sálfræðinga í öll fangelsi landsins

Samfylkingin leggur til að sálfræðingur hafi fasta starfsstöð í hverju fangelsi á landinu. Mikilvægt sé fyrir frelsissvipta að fá sálræna aðstoð til að hafa möguleika á að koma bættari úr afplánun. Fangelsismálastjóri fagnar framtakinu og vonar að eitthvað verði um efndir.

FANGELSISMÁL Þingflokkur Samfylkingar hefur lagt fram tillögu til þingsályktunar þess efnis að það verði að minnsta kosti einn sálfræðingur með starfsstöð í hverju fangelsi. Þingmaðurinn Helga Vala Helgadóttir er fyrsti flutningsmaður frumvarpsins. Páll Winkler fangelsismálastjóri fagnar þessu framtaki og vonar að málið nái fram að ganga.

„Þetta eru auðvitað frábærar fréttir, ef af þessu verður. Hvað getur maður annað sagt?“ spyr Páll og bætir við að það hljóti hver maður að sjá að það sé ekki nóg að fjölga fangarýmum líkt og hefur verið gert, meðal annars með tilkomu nýs fangelsis á Hólmsheiði, heldur

Það blasir við okkur sem í fangelsunum störfum að flestir, ef ekki allir, glíma við einhverskonar fíknivanda

Páll Winkler
fangelsismálastjóri



verði um leið að fjölga þeim sem sinna föngunum. „Það hefur ekki verið gert síðustu áratugi og raunar þvert á móti,“ útskýrir Páll.

Hjá Fangelsismálastofnun starfa nú fjórir sálfræðingar í þremur stöðugildum. Einn er með starfsstöð á Litla-Hrauni en hinir þrír eru með starfsstöð í Reykjavík. Sálfræðingarnir sinna öllum fangelsunum. Engin föst viðvera sálfræðings er á Kvíabryggju og á Akureyri en sálfræðingur fer vikulega á Hólmsheiði og Sogn. „Stjórnvöldum ber skylda til að veita þeim sem er frelsissviptur sálræna aðstoð til að

hann hafi möguleika á að koma bættari úr afplánun. Einnig er ljóst að þeir sem dvelja á bak við lás og slá glíma oftar en ekki við fyrri áföll sem mikilvægt er að vinna úr, hvort sem þau áföll tengjast uppvexti, neyslu eða öðru,“ segir í greinargerð með tillögunni.

Páll tekur undir þessi orð. „Það blasir við okkur sem í fangelsunum störfum að flestir, ef ekki allir, glíma við einhvers

Helga Vala Helgadóttir, þingmaður Samfylkingarinnar.



konar fíknivanda – að sama skapi blasir það við okkur að það þarf að hjálpa öllu því fólki sem glímir við slíkan vanda. Menn eru að fremja langflesta glæpi undir áhrifum fíkniefna og ef fólki er hjálpað að takast á við slíkt, þá getum við fækkað afbrotum og þar af leiðandi endurkomum inn í fangelsin. Í mínum huga er þetta svo einfalt, að minnsta kosti hjá stórum hluta minna skjólstæðinga. Að fá sálfræðinga með fasta starfsstöð í hvert fangelsi væri mikið gæfuspor. Samfélagið á að gera allt sem mögulegt er til að hjálpa fólki af glapstigum, og það er svo sem algjörlega óháð stjórnmalaflokkum eða nokkurri pólitík.“ olof@frettabladid.is

UM HARDSTJÓRN

Tuttugu lærdómar sem draga má af tuttugustu öldinni

TIMOTHY SNYDER

SJÁLFSHJÁLPARBÓK FYRIR LÝÐRÆÐIÐ

Tímabær úttekt á stöðu heimsálanna

Metsölubók um allan heim

LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA

Bókabúð Forlagsins | Fiskilóð 39 | Opið alla virka daga 10–19 | Laugardaga 11–16 | www.forlagid.is

Fæst einnig sem rafbók

MESTA ÚRVAL LANDSINS AF HEIMILISTÆKJUM!



30 DAGA SKILARÉTTUR!

Ef þér líkar ekki varan máttu skila henni innan 30 daga og fá endurgreitt.



HEIMSENDINGAR!

Þú getur fengið vörurnar þínar sendar hvert á land sem er.



0% VAXTALAUST LÁN!

Elko býður upp á vaxtalausar raðgreiðslur í allt að 12 mánuði.

ORKUSTOFNUN

Ársfundur Orkustofnunar 2018

Fundurinn verður haldinn 11. apríl 14:00 - 17:00 - Grand Hótel Reykjavík

DAGSKRÁ

- 13:45 **Mæting**
- 14:00 **Ávarp ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra**
Þórdís Kolbrún R. Gylfadóttir
- 14:15 **Ávarp orkumálastjóra** - Dr. Guðni A. Jóhannesson
- 14:30 **Nordic EV Outlook 2018 and electrification of the Nordic energy system** - Sacha Scheffer, Analyst, Energy Efficiency Division/Energy Technology Perspectives Division, International Energy Agency
- 15:00 **Rafmagn sem orka í samgöngum**
Bjarni Már Júlíusson, framkvæmdastjóri Orku náttúrunnar
- 15:15 **Kaffihlé**
- 15:30 **Kolefnishlutlaus Eyjafjörður**
Guðmundur Haukur Sigurðarson, framkvæmdastjóri Vistorku
- 15:45 **Evrópusamstarf um tækniþróun í orkumálum, SET-Plan**
Dr. Guðni A. Jóhannesson, orkumálastjóri, fulltrúi Íslands í SET-Plan
- 16:00 **Geothermica - fjölþjóðlegar rannsóknir á sviði jarðvarma innan EES / ESB**
Hanna Björg Konráðsdóttir, verkefnisstjóri GEORG og Geothermica
- 16:15 **Orkuskipti í almenningssamgöngum**
Jóhannes S. Rúnarsson, framkvæmdastjóri Strætó
- 16:30 **Fundarlok / Léttar veitingar**
Fundarstjóri: Baldur Pétursson, verkefnisstjóri - fjölþjóðleg verkefni og kynningar, Orkustofnun
Fundurinn verður sendur út á netinu á os.is

Orkustofnun - Grensásvegi 9 - 108 Reykjavík
Sími 569-6000 - www.os.is

Zuckerberg mislíkar minnisblað varaforseta

Forstjóri Facebook segist ósammála umdeildu minnisblaði eins varaforseta fyrirtækisins. Þar var því haldið fram að tilgangurinn helgaði meðalið. Vafasamir viðskiptahættir væru í lagi svo lengi sem þeir stuðluðu að vexti Facebook.

TÆKNI Minnisblað Andrews Bosworth, varaforseta neytendavélbúnaðarsviðs Facebook, endurspeglar ekki skoðanir Marks Zuckerberg, eiganda og forstjóra. Þetta sagði Zuckerberg í yfirlýsingu sem hann gaf út í gær.

BuzzFeed News birti minnisblaðið á skírdag og hefur það vakið hörð viðbrögð. Í því fer Bosworth yfir „hið ljóta“ í starfsemi Facebook. Kemur þar fram að burtséð frá neikvæðum afleiðingum eða vafasömum viðskiptaháttum þyrfti það alltaf að vera í forgangi að tryggja vöxt samfélagsmiðilsins. „Kannski mun einhver deyja í hryðjuverkaárás þar sem árásumennirnir samhafðu sig með því að nota okkar þjónustu. Við tengjum fólk samt saman,“ sagði meðal annars í minnisblaðinu.

Einnig kemur fram í minnisblaðinu að í góðu lagi sé að Facebook safni saman upplýsingum um tengiliði í síma notandans. Um síðustu helgi

kom í ljós að sú væri raunin og voru viðbrögð Facebook við þeim fréttum á þá leið að slíkt væri eðlilegt. Minnisblaðið leiðir hins vegar í ljós að hátt settur stjórnandi hjá Facebook taldi slíka upplýsingasöfnun á meðal „þess ljóta“.

Við höfum aldrei litið svo á að tilgangurinn helgi meðalið.

Mark Zuckerberg, forstjóri Facebook



Zuckerberg sagði í yfirlýsingu sinni í gær að Bosworth væri gæddur mikilli leiðtogahæfni. Málflutningur hans væri hins vegar oft ógrandi. „Flestir starfsmenn Facebook, meðal annars ég, eru afar ósammála því sem þarna kemur fram. Við höfum aldrei litið svo á að tilgangurinn helgi meðalið. Við vitum vel að það eitt að tengja fólk saman dugir ekki til að réttlæta hvað sem er.“

Enn fremur sagði forstjórinn að markmið Facebook væri ekki lengur að stækka miðillinn eins mikið og hægt væri. Nú væri stefnt að því að færa fólk „nær hvert öðru“.

Ög Zuckerberg er ekki sá eini sem hefur lýst yfir vanþóknun sinni á minnisblaðinu. Í yfirlýsingu Bosworths sjálfs sagðist hann ósammála innihaldi minnisblaðsins í dag, hann hafi raunar verið ósammála því þegar hann skrifaði minnisblaðið. „Tilgangurinn var að draga fram í sviðsljósið mál sem mér fannst verðskulda meiri athygli innan fyrirtækisins [...] Það skiptir mig miklu máli hvernig áhrif þjónusta okkar hefur á fólk.“

Minnisblaðið birtist í kjölfar umræðu um greiningarfyrirtækið Cambridge Analytica. Það fyrirtæki nýtti persónuupplýsingar á Facebook til þess að hafa áhrif, jafnvel ólöglega, á kosningar víða um heim. Í kjölfarið hafa spurningarmerki verið sett við meðhöndlun samfélagsmiðilsins á persónuupplýsingum. thorgnyr@frettabladid.is

Viðurkenningar Öldrunarráðs Íslands 2018

Hér með er óskað eftir tilnefningum til viðurkenninga Öldrunarráðs Íslands.

Öllum er heimilt að senda inn tilnefningar.

Árlega veitir Öldrunarráð Íslands sérstaka viðurkenningu til einstaklings, stofnunar eða félagasamtaka sem þykja hafa unnið einstakt starf tengt málefnum aldraðra.
<http://www.olderunarrad.is/index.php/vidurkenning>

Öldrunarráð Íslands veitir jafnframt sérstaka viðurkenningu til fyrirtækja eða stofnana sem hafa myndað sér framúrskarandi stefnu varðandi starfslok starfsmanna sinna og framfylgja henni á ábyrgan máta. Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu Öldrunarráðs
<http://olderunarrad.is/vidurkenning/starfslok>

Frestur til að senda inn tilnefningar er til og með 20. apríl 2018 og skulu tilnefningar sendar til Öldrunarráðs Íslands, Sóltúni 2, 105 Reykjavík eða á netfangið olderunarrad@olderunarrad.is



Richard Yu, forstjóri Huawei. NORDICPHOTOS/AFP

Huawei gefst ekki upp

TÆKNI Þrátt fyrir að ekkert stærstu fyrirtækja Bandaríkjanna á sviði fjarskipta og engin stór raftækjaverslun þar í landi selji vörur kínverska snjallsímaframleiðandans Huawei ætla fyrirtækið ekki að gefast upp. „Við ætlum okkur að vinna traust bandarískra neytenda með því að einbeita okkur að því að sjá þeim fyrir nýjungum og vörum í heimsklassa,“ sagði Richard Yu, forstjóri Huawei, við CNET í gær.

Huawei kynnti í vikunni nýtt flaggskip sitt, P20 Pro snjallsímann sem er útbúinn þremur myndavélum á bakhlidinni. Bandaríkjamenn biða þó

ekki í röðum eftir símanum enda hafa yfirvöld þar í landi, meðal annars leyniþjónustan (CIA) og alríkislögreglan (FBI), sakað Huawei um að njósna um Bandaríkjamenn.

Því hafnaði Yu í gær. „Þessar áhyggjur byggja á örökstuddum grun og eru í rauninni ósanngjarnar. Við erum opin fyrir gegnsæjum viðræðum á staðreyndagrundvelli.“

Sagði Yu að jafnvel án Bandaríkjanna stefndi Huawei á að verða stærsti snjallsímaframleiðandi heims. Fyrirtækið situr nú í þriðja sæti þess lista, á eftir Apple og Samsung. – þea

Heimilislæknastöðin Uppsölum, Kringlunni, hættir starfsemi

Læknarnir
Einar Rúnar Axelsson,
Oddur Steinarsson
og Ragnar Victor Gunnarsson,
sérfræðingar í heimilislækningum, hafa flutt lækna-
stofur sínar í Heilsugæsluna Lág múla, Lág múla 4 Reykjavík.
Timapantanir alla virka daga í síma 595 1300.

VERÐLÆKKUN

- TAKMARKAÐ MAGN -



 iPad

iPad 9,7"
Verð frá: **44.990**

**Opnunartímar
um páskana 2018**

Verslun Laugavegi 182:

Laugardaginn 31. mars: 12-16

Páskadag og 2. í páskum: LOKAÐ

Verslun Smáralind:

Laugardaginn 31. mars: 11-18

Páskadag og 2. í páskum: LOKAÐ



Verslanir á Laugavegi 182 og í Smáralind • sími 512 1300 • epli.is

Mannfall í 20.000 manna mótmælum

Palestínუმენნ mótmæltu landtöku Ísraels á 42 ára dánarafmæli sex palestínskra mótmælenda. Að minnsta kosti 12 létu lífið og um 1.000 særðust þegar Ísraelar reyndu að stöðva mótmælin. Ísraelsher sagði hryðjuverkamenn á meðal mótmælenda.

PALESTÍNA Þúsundir Palestínუმენნ gengu í gær að landamærunum við Ísrael á Gasasvæðinu og mótmæltu þar landtöku Ísraels. Fimm tjaldbúðir hafa verið reistar á landamærunum og eiga mótmælin að standa yfir í sex vikur. Fyrsti dagur mótmæla var blóðugur. Palestínska heilbrigðisráðuneytið greindi frá því að ísraelskir hermenn hafi meðal annars skotið á mótmælendur, fellt að minnsta kosti 12 og sært að minnsta kosti 1.000.

Gærdagurinn, fyrsti dagur mótmæla, var dánarafmælisdagur sex Palestínუმენნ sem létust þegar ísraelskir hermenn stöðvuðu mótmæli gegn landtöku þar árið 1976. Síðasta dag mótmæla, 15. maí, verða svo sjöttu ár liðin frá því hundruð þúsunda Palestínუმენნ hróktust á flótta vegna stofnunar Ísraelsríkis.



Mikill fjöldi mótmælti á Gasasvæðinu í gær. NORDICPHOTOS/AFP

Að sögn yfirvalda í Palestínu skutu ísraelskir hermenn á mótmælendur, bæði með gúmmikúlum og byssukúlum og beittu tárágasi. Þá sagði heilbrigðisráðuneytið frá því að tveir hefðu farist þegar skriðdreki skaut á þá og vitni á svæðinu sögðu Ísraela hafa varp að tárágasi úr dróna. Mahmoud Abbas forseti lýsti í gær yfir þjóðarsorg í dag.

Að sögn ísraelska hersins voru hermenn að verja landamæra-vegginn sem aðskilur Ísrael og Gasasvæðið, sem er undir stjórn Hamas-samtakanna. Óeirðir hafi verið við vegginn og skotið hafi verið í átt að helstu óeirðaseggjunum. Talsmaður hersins sagði Jerusalem Post jafnframt frá því að allir hinna látnu hafi verið að reyna að eyðileggja landamæra-vegginn.

Í samtali við Israel Radio sagði Eyal Zamir hershöfðingi að herinn væri að reyna að koma í veg fyrir hryðjuverkaárásir sem til stæði að gera í skjóli óeirðanna. „Við hvetjum borgara til þess að halda sig frá veggnum og vörum þá við Hamas-hryðjuverkasamtökunum, sem bera ábyrgð á þessum ofbeldisfullu óeirðum.“

Zamir var ekki sá eini sem fullyrkti að Hamas-samtökin bæru ábyrgð á mótmælunum og hefðu eitthvað illt í hyggju. Avigdor Lieberman varnarmálaráðherra tísti á arabísku og sakaði Hamas um að leika sér með líf almennra borgara.

Ismail Haniyeh, einn leiðtoga Hamas, ávarpaði mótmælendur í gær, að því er BBC greinir frá. Sagði hann að Hamas myndu ekki gefa tommu eftir í átökunum um Palestínu. thorgnir@frettabladid.is




Byggingarréttur til sölu

Skógarvegur 2

Reykjavíkurborg óskar eftir kaupþilboðum í byggingarrétt án gatnagerðargjalda í samtals 7.360 m² í tveimur íbúðarhúsum að Skógarvegi 2 (A og B rými). Þar af eru 6.720 m² í A rými.

Heimilt er að byggja allt að 72 íbúðir og 3.430 m² bílakjallara. Félagsbústaðir hafa kauprétt á sex 2ja herbergja íbúðum í húsunum. Skilafrestur kaupþilboða til þjónustvers Reykjavíkurborgar, Borgarúni 12-14, er til kl. 14:00 þann 13. apríl 2018. Tilboð verða opnuð kl. 14:15 að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.



Nánari upplýsingar má finna á reykjavik.is/lodir



Barist um Gasa í áratugi

- 1948** Eftir stríð Araba og Ísraels er Gasasvæðið á valdi nýstofnaðrar al-palestínskrar ríkisstjórnar sem allir meðlimir Arababandalagsins, fyrir utan Jórdaníu, viðurkenndu sem sjálfstætt ríki.
- 1956** Ísraelar taka Gasasvæðið í Súesdeilunni en missa það eftir þrýsting alþjóðasamfélagsins.
- 1959** Al-palestínska ríkisstjórnin er leyst upp og Egyptar taka yfir Gasasvæðið.
- 1967** Ísraelsher tekur Gasa-svæðið í sex daga stríðinu. Ísraelar reyna að hrekja Palestínუმენნ í burtu. Byggja á næstu áratugum landtökubýggðir á Gasasvæðinu.
- 1994** Með gerð Óslóarsamninganna fær palestínska ríkisstjórnin yfirráð yfir meirihluta Gasasvæðisins. Ísraelski herinn yfirgefur Gasaborg.
- 1994-1996** Ísraelar byggja vegg á landamærum Gasasvæðisins og Ísraels.
- 2000** Önnur intifada-uppreisnin byrjar. Hamas-samtökin og önnur palestínsk samtök ráðast á bæki-stöðvar ísraelska hersins. Rífa niður landamæravegginn.
- 2000-2001** Landamæraveggurinn reistur á ný
- 2005** Allar ísraelskar landtöku-býggðir á Gasasvæðinu leystar upp. Ísraelsher yfirgefur Gasa-svæðið.
- 2006** Hamas vinnur sigur í palestínsku þingkosningunum. Mahmoud Abbas forseti leysir upp nýmyndaða ríkisstjórn Hamas og myndar ríkisstjórn án aðkomu Hamas. Við taka orrustur við Fatah, næststærstu hreyfinguna í Palestínu.
- 2007** Hamas tekur yfir Gasa-svæðið eftir orrustu við Fatah.
- 2008** Ísraelski loftherinn gerir árás á skotmörk á Gasasvæðinu eftir að vopnahlé Ísraels og Hamas fer út um þúfur. Um 1.500 farast, nær eingöngu Palestínუმენნ, í 22 daga stríði.
- 2014** Þúsundir farast í átökum ísraelska hersins við Hamas og aðrar fylkingar Palestínუმენნ.



Friðarviðræðum í Austur-Ghouta miðar vel áfram

SÝRLAND Friðarviðræðum á milli uppreisnarmanna og Rússa, helstu bandamanna stjórnarhers Bashars al-Assad, forseta Sýrlands, í Austur-Ghouta miðar vel áfram. Þetta kom fram í tilkynningu frá uppreisnarmönnum í gær en Sameinuðu þjóðirnar hafa milligöngu um viðræðurnar.

Mikið mannfall almennra borgara hefur verið í orrustunni um Austur-Ghouta undanfarnar vikur. Talið er að rúmlega 1.600 almennir borgarar hafi fallið. Eftirlitssamtökin Syrian



Douma er í rúst eftir linnulausar loftárásir Assad-liða. NORDICPHOTOS/AFP

Observatory for Human Rights hafa greint frá því að 144.000 til viðbótar hafi misst heimili sín.

Sókn stjórnarliða hefur verið þung og hefur stjórnarherinn endurheimt stærstan hluta svæðisins. Síðasta vígi uppreisnarmanna er bærinn Douma og er hann undir stjórn uppreisnarfylkingarinnar Jaish al-Islam.

Jafnt almennir borgarar sem uppreisnarmenn hafa undanfarið flúið aðra bæi Austur-Ghouta. Hafa uppreisnarmenn fengið að fara til Idlib

óáreittir. Jaish al-Islam hefur hins vegar hafnað slíkum samkomulögum. Hefur fylkingin sagt að slíkt sé gert til þess að tryggja að almennir borgarar, andvígir Assad, hypji sig frá Austur-Ghouta.

Rússneski miðillinn Interfax greindi frá því í gær að samkomulag hefði náðst um rýmingu Douma. Hafði miðillinn það eftir herforingjanum Sergei Rudskoj. Þessu neitaði Hamza Birqdar, talsmaður Jaish al-Islam, þó fljótlega eftir að fréttin birtist. – þea

Egyptar loka enn einum fréttavefnum

EGYPTALAND Yfirvöld í Egyptalandi lokuðu á fréttavefinn al-Manassa í gær eftir að miðillinn hafði fjallað um meint brot á kosningalögum sem eiga að hafa átt sér stað í forseta-kosningum vikunnar.

„Vefsíðu al-Manassa var lokað eftir umfangsmikla umfjöllun um forseta-kosningarnar þar sem greint var frá fjölda lögbrota, meðal annars mútupægni og ólöglegum áróðri til kjósenda,“ sagði í tísti frá miðlinum.

Egyptar hafa lokað á fjölda einkarekinna fjölmiðla undanfarin misseri og hafa stjórnarandstæðingar kvartað yfir því að með því sé Abdul Fattah al-Sisi forseti að reyna að þagga niður í gagnrýnendum.

Búist er við því að Sisi vinni sigur í kosningunum en úrslita er að vænta eftir helgi. Á móti honum bauð hinn lítt þekkti Moussa Mostafa Moussa sig fram. Sá hefur verið kallaður strengjabrúða Sisis. Framboð hans er sagt eingöngu til þess fallið að láta kosningarnar líta trúverðuglegri út, en fjölda stjórnarandstæðinga var meinað að bjóða sig fram. – þea

Erdogan vill ekkert með Frakka hafa

TYRKLAND Recep Tayyip Erdogan, forseti Tyrklands, gagnrýndi í gær harðlega tillögu Frakka um milligöngu í friðarviðræðum á milli Tyrkja og SDF, hersveita Kúrda í norðurhluta Sýrlands. Tyrkir hafa undanfarið ráðist inn á svæði á valdi Kúrda og meðal annars tekið Afrin-hérað.

„Við þurfum engan sáttasemjara. Síðan hvenær hafa Tyrkir tamið sér að setjast við borðið og ræða málin við fulltrúa hryðjuverkasamtaka? Af hverju eruð þið að tala um friðarviðræður Tyrkja við hryðjuverkasamtök?“ spurði Erdogan blaðamann NTV í gær.

YPG, þjóðvarðsveit Kúrda, er stærsti armur SDF. Tyrkir líta svo á að YPG sé hernaðararmur hins útlæga Verkamannaflokks Kúrda (PKK), sem þeir hafa barist við í áratugaraðir og bæði NATO og Evrópusambandið flokka sem hryðjuverkasamtök. Hvorki NATO né ESB deila þó þeirri sýn með Tyrkjum að YPG sé hluti PKK.

Emmanuel Macron, forseti Frakklands, bauðst til þess á skírdag að hafa milligöngu um viðræður þegar

fulltrúar SDF funduðu með honum. – þea



Recep Erdogan. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

VÍNBÚÐIN SKÚTUVOGI

LOKAÐ Í APRÍL

Vínbúðin í Skútuvogi verður lokað í apríl vegna breytinga. Við bendum viðskiptavinum á að næstu Vínbúðir eru í Skeifunni og Borgartúni.

Við þökkum þolinmæðina og hlökkum til að taka á móti ykkur í glæsilegri Vínbúð.

SKOÐUN

Í fararbroddi



Kristín
Þorsteinsdóttir
kristin@frettabladid.is

Í vikunni bárust fregnir af því að ný hraðhleðslustöð hefði verið tekin í gagnið í Mývatnssveit og að með því væri allur hringvegurinn opinn fyrir rafbílur. Innan við hundrað kílómetrar eru þar með milli hleðslustöðva á hringveginum.

Rafbílar voru í árslok 2017 um fimm þúsund talsins á Íslandi og hafði fjöldi þeirra þá fimmfaldast á riflega 18 mánuðum. Opinberar spár gera ráð fyrir að árið 2030 verði hér 30 þúsund rafbílar. Forstjóri Orkuveitunnar telur þessar spár reyndar fullvarfærnislegar og að raunhæfara sé að áætla að þeir verði um hundrað þúsund talsins. Hann segir núverandi raforkukerfi auðveldlega bera þá fjölgun sem þegar hafi orðið, og að ekki þurfi frekari fjárfestingu í kerfinu fyrr en rafbílar nái 50 þúsund.

Auðvitað eru enn einhverjar áskoranir sem yfirstiga þarf áður en rafbíllinn verður fyrsti kostur á hverju heimili. Þannig þarf til dæmis að finna lausnir fyrir hleðslu við fjölbýlishús og í grónari hverfum borgarinnar. Mestu myndi þó muna ef bílaleigubílaflotinn yrði í auknum mæli samansettur af rafbílum. Nauðsynlegt er fyrir stjórnvöld og forsvarsmenn bílaleiga að vinna saman þannig að hvati myndist fyrir bílaleigurnar til að leigja út rafbílur í auknum mæli. Nú þegar hægt er að aka hringveginn á rafmagni eingöngu, hlýtur stærsta ljónið að vera úr veginum.

Forveri núverandi umhverfisráðherra, Björt Ólafsdóttir, gaf það út í embættistíð sinni að það væri stefna stjórnvalda að Ísland skuli að fullu rafbílavætt árið 2030. Með öðrum orðum, bensín og dísilbílar skyldu vera með öllu horfnir af götunum fyrir þann tíma.

Einhverjir urðu hissa á þessum yfirlýsingum ráðherra. Framkvæmdastjóri Félags íslenskra bifreiðaeigenda benti á að með þessu yrði gengið mun lengra en hjá flestum nágrannaþjóðum okkar. Í því samhengi má benda á að Bretar hafa lýst því yfir að þeir hyggist banna dísil- og bensínbíla fyrir árið 2040. Björt vildi því að Íslendingar yrðu áratug á undan Bretum í þessum efnum.

Mikil umræða hefur skapast nú í vetur og vor um svifryksmengun í Reykjavík. Ljóst er að þar spilar útblástur dísilbíla stóra rollu. Mörg stærri ríki, þar á meðal Bretland, hafa nú horfið frá fyrri stefnu sem hyglaði dísilbílum. Stefna þeirra flestra er nú að útrýma slíkum bílum af götunum.

Orkuskipti eru sömuleiðis veigamikill hluti af Parísarsamkomulaginu sem íslensk stjórnvöld hafa undirgengið. Íslendingar eiga ekki að láta sér nægja lágmarkskröfur í þeim efnum, heldur eiga að vera í fararbroddi. Orðspor okkar Íslendinga er að við búum í hreinu og tæru landi, þótt slíkt kunni að hljóma eins og mýta fyrir þá sem vanir eru að sitja fastir í umferð í Reykjavík.

Björt var ekki í neinu bjartsýniskasti. Síður en svo. Ísland er lítið land og við eigum að geta lyft grettistaki í umhverfismálum með tiltölulega lítilli fyrirhöfn.

Við eigum að sameinast um það markmið að Ísland verði að fullu rafbílavætt fyrir árið 2030. Vilji og samtakamáttur er allt sem þarf.



Íslendingar eiga ekki að láta sér nægja lágmarkskröfur í þeim efnum, heldur eiga að vera í fararbroddi.

Gunnar



Mín skoðun Guðmundur Steingrímsson



Staðan í borginni

Ég get ekki sagt að ég sé brjáláður yfir neinu sérstöku í Reykjavík. Í aðdraganda borgarstjórnarkosninga hefur maður svolítið verið að skoða hug sinn og velta fyrir sér hvaða mál það eru sem brenna á manni. Það sem ég hef einkum komist að er það, að ég er alla vega ekki brjáláður yfir málum sem margir aðrir virðast brjáláðir yfir.

Finn veggur

Ég segi kannski ekki að fólk sé snælduvitlaust. En það eru stór orð látin falla og ég er ekki alltaf að tengja. Kári Stefánsson er til dæmis reiður út af veggnum við Klambratún og skrifaði um það harðorða grein hér í blaðinu á dögunum. Mér er fyrirmunað að láta þennan vegg fara í taugarnar á mér. Mér finnst þetta finn veggur. Hann aðskilur túnið, útivistarsvæðið, frá bílaumferðinni. Að líkja Degi við Donald Trump út af þessum vegg finnst mér hlægilega ofsafengið.

Svo eru aðrir brjáláðir yfir ferðamönnum í miðbænum. Ég er mjög ánægður með þá. Reykjavík er svo margfalt skemmtilegri borg að mínu mati eftir að ferðamenn fóru að setja svip sinn á miðbæinn. Að fara niður í miðbæ á laugardegi er nánast eins og að fara til útlanda. Mér finnst það frábært. Ódýr leið til að fara til útlanda.

Stóru málin

Þó nokkuð af fólki er brjáláð yfir því að áformað skuli að spítalinn skuli vaxa og byggjast upp á þeim stað þar sem hann er núna. Það vill hafa hann annars staðar. Hér er ég ekki með á nótunum. Mér finnst fullt af góðum rökum mæla með núverandi staðsetningu. Almennt séð finnst mér það líka góð stefna að reyna að hafa stóra vinnustaði í nálægð við svæði þar sem flestir búa. Það er umhverfisvænt. Svo finnst mér líka auðveldara að treysta staðarvali sem er fengið með

ígrundaðri skoðun margra kosta — eins og búið er að gera nokkrum sinnum — heldur en staðarvali sem virðist í mesta lagi byggt á kroti besserwissers á servíettu.

Þétt byggð er minn bolli af te. Kem ég þá auðvitað að máli málanna, deiluefninu sem virðist gera fólk raunverulega snælduvitlaust. Ég hef orðið vitni að fundum leysast upp í skæting og dólgsláti út af því máli. Fólk froðufellir. Hér á ég að sjálfsögðu við Reykjavíkurflygvöll. Mér finnst það sallafin hugmynd að byggja frekar íbúðir og hafa fagurt mannlíf með alls konar atvinnulífi og afþreyingu á þeim stað þar sem hann er núna. Ég er því ekki brjáláður yfir því að hann eigi að fara.

Eitt og annað

Er ég þá bara sáttur? Nei, ekki alveg. Eitt og annað myndi ég vilja sjá lagað. Mér finnst að þjónusta við fólk sem vill endurvinnna meira og flokka rusl megi vera betri. Mér finnst fjölbreytni í tómstunda starfi fyrir börn og unglinga mega vera mun meiri. Það mætti koma með fleiri valkosti við allar þessar keppnisíþróttir. Mér finnst líka sorglegt að bernska barna líði hjá án þess að þau komist lengra en á biðlista eftir listnámi, eins og tónlist og myndlist.

Svo fannst mér ekki ánægjulegt að eiga viðskipti við skrifstofu Skipulagssviðs þegar við hjónin fórum í endurbætur á húsinu okkar. Þjónustulundin og sveigjanleikinn gagnvart íbúum borgarinnar, sem vilja leggja vinnu á sig við að gera húsin sín fallettri eða jafnvel byggja ný, mætti vera töluvert meiri. Svo fannst mér það líka arfaslakt þegar lítill, sætur veitingastaður í hverfinu okkar fékk ekki leyfi frá borginni til að selja rautt og hvítt til klukkan ellefu á kvöldin. Það fer í taugarnar á mér.

Að öðru leyti er ég bara nokkuð góður.

MUNDU EFTIR GÖMLU GÓÐU
AFMÆLSKRINGLUNNI
- fyrir 25-30 manns

BJÖRNSEBAKARI
Sími: 561 1433

mánudaga-föstudaga 7.30 - 17.30
laugardaga 8.00 - 16.00
sunnudaga 9.00 - 16.00

Austurströnd 14 • Hringbraut 35
Fálkagata 18

www.bjornsbakari.is

KRÓNAN



Happy Day Pink Guava safi

199 kr. stk.



Gul melóna

240 kr. kg

Hindber Driscolls 170 g

599 kr. pk.



Páskamuffins, 4 stk.

689 kr. pk.

Ódýrt

**PÁSKA BRÖNS
FYRIR 4**

**ALLT
ÞETTA
UNDIR 1000 KR. Á
MANN**

*Heildarverð 3999 kr. Miðað við 400 g pakka af beikoni



Gestus mýslí, 750 g

249 kr. pk.

Krónu beikon

1719 kr. kg

Gestus pönnukökumix

199 kr. pk.



Gestus grísk jógúrt, 1 l

699 kr. stk.



Gestus bakaðar baunir

69 kr. stk.

Stjörnu egg, 6 stk.

369 kr. pk.



OPIÐ Á MORGUN
páskadag kl. 10 - 20

í Krónunni Árbæ, Hamraborg, Hvaleyrarbraut, Jafnaseli, Nóatúni 17 og Kr. Vík (9-21)



Afgreiðslutímar á www.kronan.is

Tilboðin gilda til 2. apríl. Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.



HOLIDAY
Hornsófi með tungu. Grátt eða svart slitsterkt áklæði. Stærð: 279 x 238 x 89 cm

258.993 kr. ~~349.990 kr.~~

26%
AFSLÁTTUR

KENYA
Hægindastóll. Holly Chocolate eða Holly Dusty Green áklæði.



20%
AFSLÁTTUR

39.992 kr. ~~49.990 kr.~~

HOLIDAY
Tungusófi. Svart eða ljósgrátt slitsterkt áklæði Stærð: 233 x 160 x 89 cm



25%
AFSLÁTTUR

179.993 kr. ~~239.990 kr.~~

SALLY
Hægindastóll. Brúnt eða svart PU-leður.



25%
AFSLÁTTUR

29.993 kr. ~~39.990 kr.~~

CLEVELAND
Tungusófi. Hægri eða vinstri tunga. Dökk- eða ljósgrátt slitsterkt áklæði. Stærð: 231 x 140 x 81 cm



22%
AFSLÁTTUR

89.692 kr. ~~114.990 kr.~~

IDdesign

TUB
Hægindastóll. Svart Santos leður/ split.



25%
AFSLÁTTUR

59.993 kr. ~~79.990 kr.~~

FRIDAY
Tungusófi, hægri eða vinstri tunga. Ljósgrátt eða brúnt áklæði. Stærð: 260 x 170 x 87 cm



30%
AFSLÁTTUR

118.993 kr. ~~169.990 kr.~~

PERTH
Hægindastóll. Svart eða brúnt leður.



29%
AFSLÁTTUR

89.993 kr. ~~119.990 kr.~~



Vanilla Fly kurtastjaki. Fullt verð **9.990 kr.** **TAXFREEVERÐ 8.056 kr.**


Sophia Venus styttu Fullt verð **11.990 kr.** **TAXFREE-VERÐ 9.669 kr.**



Vanilla Fly púðar með fyllingu, 50 cm. Fullt verð **7.990 kr.** **TAXFREEVERÐ 6.444 kr.**



Nordal Hilla, 91x75 cm. Fullt verð **42.990 kr.** **TAXFREEVERÐ 34.669 kr.**





Fjölbreytt og spennandi fyrir páskana í Höllinni

ACTIV
20 kg þingur og 10 kg þingur. Fullt verð **229.990 kr.** **TAXFREEVERÐ 179.990 kr.**

Reykjavík
Bíldshöfði 20

Akureyri
Dalsbraut 1

Ísafjörður
Skeiði 1

www.husgagnahollin.is
558 1100

Reykjavík
Bíldshöfði 20

10 – 18 virka daga
11 – 17 laugardaga
13 – 17 sunnudaga

Akureyri
Dalsbraut 1

10 – 18 virka daga
11 – 16 laugardaga

Ísafjörður
Skeiði 1

www.husgagnahollin.is
558 1100

Þú finnur nýjasta blaðið okkar á www.husgagnahollin.is

PÁSKA TAXFREE

LÝKUR Í DAG

Allar vörur á
taxfree tilboði*

EKKI MISSA AF ÞESSU

* Taxfree tilboðið gildir af öllum vörum nema sérpöntunum og vörum frá IITTALA og jafngildir 19,35% afslætti. Gildir ekki ofan á önnur tilboð. Að sjálfsögðu fær ríkissjóður virðisaukaskatt af söluverði. Afslátturinn er alfarið á kostnað Húsgagnahallarinnar.

EIFFEL

Eldhússtóll með krómlöppum. Litir: Rautt, turkis, grátt, svart eða hvítt.



34%
AFSLÁTTUR

7.913 kr. ~~11.990 kr.~~

HOVE

Borðstofustóll. Ljósbrúnt PU-áklæði og svartir fætur.



25%
AFSLÁTTUR

14.993 kr. ~~19.990 kr.~~

NEW WILSON

Borðstofustóll. Tágarseta. Svört eða viðarlit viðargrind og lappir.



29%
AFSLÁTTUR

9.993 kr. ~~13.990 kr.~~

HYPE

Borðstofustóll, Dusty Rose, Midnight eða svart PU og svartar lappir.



27%
AFSLÁTTUR

21.893 kr. ~~29.990 kr.~~



Nordal kertastjaki, 17 x 15 cm.
Fullt verð **2.990 kr.**
TAXFREEVERÐ 2.411 kr.



Nordal kertastjaki, Ø 54 cm.
Fullt verð **8.990 kr.** **TAXFREEVERÐ 7.250 kr.**



Nordal lukt, H: 73 cm.
Fullt verð **14.990 kr.**
TAXFREEVERÐ 12.089 kr.



Nordal vegglykt, H: 54 cm.
Fullt verð **9.990 kr.**
TAXFREEVERÐ 8.056 kr.



Rikki Tikki fíll, 10 cm.
Fullt verð **6.390 kr.** **TAXFREEVERÐ 5.153 kr.**

Opnunartími yfir páskana
Opnið í dag, laugard. 31. mars. Lokað páskadag og 2. í páskum.
Hefðbundin opnunartími frá og með þriðjudeginum 3. apríl



HÚSGAGNA
HÖLLIN

Fór holu í höggi á fyrsta risamóti ársins



Magnað högg Ólafía Þórunn Kristinsdóttir fór holu í höggi á fyrsta hring ANA Inspiration, fyrsta risamóts ársins á LPGA-mótaröðinni í golfi. Magnað högg hennar á 17. holu fór beint ofan í. Fyrir það fékk hún tvo flugmiða, á áfangastað að eigin vali, frá ANA. Ólafía lék fyrsta hringinn á pari vallarins þrátt fyrir að hafa fengið sex skolla. Ólafía hafði ekki lokið leik á öðrum hring mótsins þegar blaðið fór í prentun í gær. **NORDICPHOTOS/GETTY**

Eyjamenn langar í undanúrslit

ÍBV stendur vel að vígi fyrir seinni leikinn gegn Krasnodar í 8-liða úrslitum Áskorendabikars Evrópu í handbolta eftir 23-25 sigur í fyrri leiknum. Eyjamenn endurheimta tvo lykilmenn fyrir seinni leikinn í dag.

HANDBOLTI Klukkan 15.00 í dag verður seinni leikur ÍBV og rússneska liðsins Krasnodar í 8-liða úrslitum Áskorendabikars Evrópu flautaður á. Eyjamenn eru í góðri stöðu eftir tveggja marka sigur í fyrri leiknum í Rússlandi, 23-25.

„Við þurfum að hitta á virkilega góðan leik, bæði í vörn og sókn, svipað og við gerðum úti í Rússlandi. Það var einn okkar besta leikur í vetur,“ segir Arnar Pétursson, þjálfari ÍBV, við Fréttablaðið.

Eyjamenn byrjuðu fyrri leikinn í Rússlandi frábærlega og komust í 1-8 eftir 11 mínútur. Leikurinn jafnaðist eftir því sem á leið og Krasnodar náði að jafna um mið-

bik seinni hálfleiks. ÍBV náði þó að landa tveggja marka sigri. Arnar svekkir sig ekkert á því að hafa ekki unnið stærri sigur í fyrri leiknum, í ljósi draumabyrjunar hans manna.

„Þeir sýndu styrk sinn með því að koma til baka og jafna leikinn. Fyrir fram hefðum við alltaf þegið tveggja marka sigur úti.“

Arnar segir að rússneska liðið sé erfitt viðureignar og líkamlegir burðir leikmanna þess séu miklir.

„Þetta eru stórir strákar og vel á sig komnir. Þeir spila góða 6-0 vörn og keyrðu hratt í bakið á okkur þegar liða tók á leikinn,“ segir Arnar sem var ánægður með hvernig Eyjamenn leystu varnarleik Krasnodar

um síðustu helgi. „Við spiludum virkilega vel og það skilaði okkur þessum sigri. Við þurfum annað eins á morgun [í dag].“

Eyjamenn voru án fjögurra sterkra leikmanna í fyrri leiknum; Stephens Nielsen, Róberts Arons Hostert og Theodórs Sigurbjörns-sonar, sem voru frá vegna meiðsla, og Magnúsar Stefánssonar sem komst ekki með út vegna vinnu.

„Maggi fær fri um helgina. Teddi er búinn að vera mjög flottur á síðustu æfingum og hann verður með. En það er lengra í Robba,“ segir Arnar og bætir við að Stephen verði ekki meira með Eyjamönnum á tímabilinu.

Fyrir fram hefðum við alltaf þegið tveggja marka sigur úti.

Arnar Pétursson, þjálfari ÍBV

Arnar vonast eftir því að Eyjamenn fjölmenni á leikinn í dag og búi til góða stemningu.

„Það er páskafrí og margir í bænum. Ég á ekki von á öðru en það verði virkilega vel mætt og góð stemning. Okkur langar í undanúrslit,“ segir Arnar að endingu. **ingvithor@frettabladid.is**



Aron Einar er kominn aftur á ferðina eftir meiðslum. **NORDICPHOTOS/GETTY**

Fyrsti í fjóra mánuði

FÓTBOLTI Aron Einar Gunnarsson lék sinn fyrsta leik með Cardiff í fjóra mánuði þegar liðið vann 3-1 sigur á Burton Albion í ensku B-deildinni í gær. Landsliðsfyrirliðinn hefur verið frá vegna ökkla-meisla og hafði ekki leikið með Cardiff síðan í 0-1 sigri á Barnsley 21. nóvember í fyrra.

Aron Einar lék fyrri hálfleikinn í vináttulandsleik Íslands og Mexíkó aðfaranótt laugardags og lék svo síðustu 24 mínúturnar í leik Cardiff og Burton í gær. Þetta var áttundi sigur Cardiff í röð en liðið er í kjörstöðu til að vinna sér sæti í ensku úrvalsdeildinni fyrir næsta tímabil. – **ips**



Victor Moses og Ben Davies eigast við í fyrri leik Chelsea og Tottenham. **NORDICPHOTOS/GETTY**

Vilja aflétta bölvuninni á Brúnni

FÓTBOLTI Keppni í ensku úrvalsdeildinni hefst aftur um helgina eftir landsleikjahlé. Stórleikur umferðarinnar fer fram á Stamford Bridge á morgun þegar Chelsea tekur á móti Tottenham.

Leikurinn er gríðarlega mikilvægur fyrir Chelsea í baráttunni um sæti í Meistaradeild Evrópu á næsta tímabili. Englandsmeistararnir sitja í 5. sæti deildarinnar með 56 stig, fimm stigum á eftir Tottenham sem er í sætinu fyrir ofan. Með sigri í leiknum á morgun nær Spurs átta stiga forskoti á Chelsea þegar aðeins sjö umferðir eru eftir. Endi Chelsea utan efstu fjögurra sætanna verður það í annað sinn á síðustu þremur árum sem liðið missir af Meistaradeildarsæti.

Tölfræðin er þó með Chelsea í liði því Tottenham hefur ekki unnið deildarleik á Stamford Bridge síðan í febrúar 1990, eða í 28 ár. Gary Linker sem skoraði sigurmark Tottenham í þeim leik. – **ips**

KASTARA-DAGAR

RAFVÖRU MARKAÐURINN

Rafvörumarkaðurinn við Fellsmúla | 108 Reykjavík | Sími: 585 2888



OPIÐ ALLA DAGA



VOLVO XC60

HEIMSBÍLL ÁRSINS 2018



Framtíðin í öryggi

Volvo XC60 AWD er sannarlega einstakur bíll. Hann er leiðandi í bílaöryggi auk þess að vera í forystu í umhverfissvænni tækni með 407 hestafla rafmagnaðri T8 vél sem eyðir aðeins 2,1 lítrum af bensini per 100 km í blönduðum akstri á rafmagni eða bensini. Fjórðunarkerfi með loftþúðum (aukabúnaður) og framúrskarandi hljómtæki gerir aksturinn einstaklega ánægjulegan og þægilegan.

Skandinavísk nútímahönnun að innan og utan og sænsk gæðaframleiðsla beint frá Gautaborg sem byggð er á náttúrulegum gæðafnum ásamt ríkulegum staðalbúnaði gera hverja ökuferð að einstakri upplifun.

Volvo XC60 AWD var valinn heimsbíll ársins 2018 af World Car Awards, jeppi ársins 2018 af Bandalagi íslenskra bílablaðamanna og öruggasti bíll í heimi hjá EURO NCAP árekstrarprófunarstofnuninni.

Verð með dísilvél frá 6.790.000 kr.
Verð með T8 tvinnvél frá 7.490.000 kr.

MADE BY SWEDEN



Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6 · Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5 · Sími 515 7050

volvocars.is

HELGIN

Mikils virði að fá annað tækifæri

Javier Fernández Valiño fer mikinn í dansþættinum Allir geta dansað þar sem hann dansar við Ebbu Guðnýju Guðmundsdóttur. Hann flutti til Íslands fyrir rúmum fimm árum og hefur átt góðan tíma, þrátt fyrir erfiðleika.

Þetta hefur verið ótrúlega gaman, eiginlega eins og draumur,“ segir Javier Fernández Valiño, dansfélagi Ebbu Guðnýjar Guðmundsdóttur, í skemmtipættinum Allir geta dansað á Stöð 2.

Javier og Ebba hafa vakið mikla athygli á dansgólfinu og virðast ná vel saman. „Mér finnst frábært að dansa við Ebbu, hún er glöð og hefur sterka útgeislun. Hún hefur svipuð lífsgildi og ég og ég held öll lífsgleðin skili sér á gólfinu,“ segir Javier sem er alla jafna kallaður Javi.

„Við æfum klukkutímum saman. Við höfum tekið fimm tíma æfingu, lítið á klukkuna og hreinlega ekki skilið hvernig tíminn getur liðið svona hratt. Svo höldum við bara áfram, við leggjum mjög hart að okkur.“

Javi er 26 ára gamall. Fæddur í Madrid á Spáni. Hann flutti hingað til lands fyrir rúmlega fimm árum. Foreldrar hans eru af fátæku fólki komnir. „Mamma vinnur í fiskvinnslu og pabbi er með bifreiðaverkstæði, gerir upp klassíska bíla og selur þá. Þau eru bæði af mjög fátæku fólki komin. Ég á einn eldri bróður, hann er 37 ára. Mamma var 16 ára þegar hún eignaðist hann,“ segir Javi.

„Pabbi er alinn upp í steinhlöðnu húsi þar sem allar aðstæður voru frumstæðar. Það var til dæmis ekkert klósett í húsinu. Foreldrar mínir eru virkilega duglegt fólk.“ Javi var mjög orkumikið barn. Hann æfði fótbolta, stundaði sund og dans og hjálpaði til við messuhald í kirkju á sunnudögum. „Þegar ég var orðinn ellefu ára gamall sagði pabbi mér að velja. Ég valdi dansinn og hef aldrei séð eftir því,“ segir Javi.

Javi flutti til Barcelona sautján ára gamall og stundaði listnám meðfram dansinum. „Ég gerði stuttmyndir, lærði grafíska hönnun, bjó til og spilaði tónlist og var dj og dansaði. Ég hef alltaf haft mikla orku og þörf fyrir að gefa af mér. Ég flutti svo aftur til Madrid um tvítugt og fór að huga að möguleikum mínum,“ segir Javi.

„Ég var staðráðinn í því að tala betri ensku og ferðast. Ég vildi prófa eitthvað nýtt. Ég rakst á auglýsingu frá Íslandi. Dansskóli Ragnars aug-



Javi á íslenska kærustu, Ásdísí Finnsdóttur. Hún og fjölskylda hennar eru fjölskylda hans í dag. FRÉTTABLAÐID/STEFÁN

lýsti eftir kennara til að kenna börnum dans. Ég stökk á tækifærið,“ segir Javi. „Ég fór tveimur dögum seinna frá Madrid,“ segir hann og hlær. Hann segir móður sína hafa fornað höndum. „Hún spurði: Javi? Hvað ertu eiginlega að fara að gera á eyju lengst norður í hafi? Þú verður kominn strax hingað aftur. Henni leist ekki á þetta. En hér er ég rúmlega fimm árum seinna og uni mér vel,“ segir Javi.

Hann segir að í fyrstu hafi hann átt erfitt með að fóta sig. Árið 2013 var Javi settur í hálfís árs keppnisbann vegna kannabisneyslu. „Þetta var erfiður tími hjá mér. Sá erfiðasti sem ég hef gengið í gegnum. Mér fannst þetta erfitt gagnvart þeim sem treystu mér. Það tók nokkra mánuði fyrir mig að koma mér út úr vandanum. Ég fékk góða aðstoð, fór í meðferð og náði tókum á lífi mínu,“ segir Javi. „Það er mikils virði að fá annað tækifæri og ég hef nýtt það vel til að gefa af mér. Ég elska land og þjóð,“ segir Javi sem talar reiprennandi íslensku.

„Ég byrjaði hér á landi á því að kenna börnum. Þau eru bestu kennararnir, þau töluðu ekki ensku svo ég þurfti að læra íslensku. Þau eru líka góðir kennarar í lífinu, því þau eru alltaf í núinu,“ segir Javi.

„Ég fór svo seinna í tungumálánám hjá Mími, lærði þar að skrifa íslensku og tileinka mér betri framburð. Ég hafði það að markmiði að læra nokkur ný orð á hverjum degi. Fjölskyldan sem ég dvaldi hjá fyrst við komuna til Íslands hjálpaði mér líka mikið.“

„Mér fannst ég eiga heima hér frá fyrstu dögum. Íslendingar eru ekki dómharðir, þeir eru vínalegir og frjálslyndir. Það er gott að vera í kringum þá. Langir vetur hafa mikil áhrif á þá og þess vegna er dansinn góður fyrir þá. Stundum finnst mér Íslendingar, bæði börn og fullorðnir, svolítið feimnir. Ég held það sé af því að inniveran er mikil á veturna.“


Javi á íslenska kærustu, hún heitir Ásdís Ósk Finnsdóttir. „Hún er dansari, dansar nútímadans og djassball-ett. Ég sá hana í Listdansskólanum og bauð henni svo að dansa í tónlistarmyndbandi sem ég lék í og heillaðist af henni. Síðan fór ég að kenna henni samkvæmisdans og nú keppum við saman í latíndönsum. Hún og fjölskylda hennar eru fjölskylda mín í dag,“ segir Javi.

En víkjum þá að mikilvægustu spurningunni. Geta í alvörunni allir dansað?

„Já! Auðvitað. Ég hef kennt ótal manns að dansa. Ég hef kennt fólki sem notar hjólastóla og fólki með Downs heilkennið. Ég er núna að þróa kennslu með samstarfskonu þar sem við ætlum að bjóða fólki sem notar hjólastól að dansa. Þótt líkaminn sé ekki í toppformi þá er oftast hægt að gera eitthvað til að dansa og tjá sig. Og það er hollt, það er gott fyrir hjartað, eflir hugrekki. Dans er nefnilega svo margt, þegar fólk dansar þá notar það bæði tilfinningar og rökhugsun,“ segir Javi.

Hann hefur undanfarið haldið latínkvöld á Kofa Tómasar frænda sem hafa fallið mörgum í geð. „Við rýmum gólfid, spilum latíntónlist og það er eiginlega alltaf fullt út úr dyrum,“ segir hann frá.

kristjana@frettabladid.is



Javi og Ebba hafa vakið athygli fyrir skemmtilega sviðsframkomu og útgeislun.

Einu sinni var



Mars 1979. Páskaeggjagerð í sælgætisverksmiðjunni Víkingi.

MYND/LJÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR.

Um helgina, af hverju ekki að ...

PLOKKA!

Eða að nýta útvist og hreyfingu til þess að tína rusl á víðavangi. Sorpa mælir með því að „plokkarar“ noti glæra poka svo auðveldara sé fyrir starfsmenn Sorpu að sjá hvað leynist í pokunum þegar henda á ruslinu á réttan stað. Gott ráð til plokpara er að tína plast í sérpoka.



PÉTUR

KANÍNA Í BÍÓ

Allra yngstu áhorfendurnir fá eitthvað fyrir sinn snúð um páskahelgina því Pétur kanína er kominn í bíó. Kvikmynd úr hugarheimi Beatrix Potter um kanínuna Pétur sem reynir að lauma sér inn í grænmetisgarð nýja bóndans.



SKÍÐI EÐA SUND


Páskahelgin er þrýðistími til að nýta sér frábær skíðasvæði landsins og skella sér svo í sund. Veðurspáin er hagstæð víða um land.

OPPIA

ALLA

PÁSKANA

✓ LAUGARDAG ✓ SUNNUÐAG ✓ MÁNUÐAG



JARÐARBER
AÐEINS 298.-
1PK.

ALLT Í PÁSKAMATINN

NÝTT Á ÍSLANDI

REMA 1000



ÓDÝR GÓÐ VARA



VÍÐIR



GARÐATORGI, HRINGBRAUT, SKEIFUNNI & BORGARTÚNI

VÍÐIR  express INGÓLFSTRÆTI



Spurt og svarað

Fjórtán þúsund gestir hafa séð kvikmyndina Víti í Vestmannaeyjum og aðalleikarar þykja standa sig með prýði. Þeir sýna á sér hina hliðina og svara nokkrum lauflettum spurningum.

Vildi geta stundað tímaflakk

Isey Heiðarsdóttir

Besta bíómynd allra tíma?

Að sjálfsgöðu Víti í Vestmannaeyjum og líka myndin „Með allt á hreinu“.

Hvað færðu þér á pítsuna

Ananas, skinku og rjómaost.

Uppáhaldssamfélagsmiðillinn?

Snapchat og Instagram.

Hvað gerirðu milli 5 og 7 á daginn?

Hitti vini, er stundum á æfingum og reyni líka að vera heima hjá mér.

Án hvers getur þú ekki verið?

Fjölskyldunnar.

Hvaða ofurkraft værir þú til í að vera með?

Að geta stundað tímaflakk.

Uppáhaldsrithöfundur? (Og já, það má segja Gunni Helga.)

Gunnar Helgason og Astrid Lindgren.

Furðulegasti matur sem þú hefur borðað?

Djúpsteiktur kolkrabbi.

Besti knattspyrnumaður allra tíma?

Besti knattspyrnumaðurinn er held ég Lionel Messi. Besta knattspyrnukonan er Carli Lloyd!

Texti: Ásta Hrafnhildur Garðarsdóttir



Annaðhvort í fótbolta eða skák

Róbert Luu

Besta bíómynd allra tíma?

Titanic, nei, djók. Uppáhaldsmyndirnar mínar eru Harry Potter-myndirnar.

Hvað færðu þér á pítsuna?

Finnst ekki öllum skinka og ananas best á pítsuna?

Uppáhaldssamfélagsmiðillinn?

Facebook.

Hvað gerirðu milli 5 og 7 á daginn?

Ég er annaðhvort á fótbolta- eða skákæfingu.

Án hvers getur þú ekki verið?

Pabba.

Hvaða ofurkraft værir þú til í að vera með?

Að geta flogið.

Uppáhaldsrithöfundur? (Og já, það má segja Gunni Helga.)

Fyrir utan Gunna Helga þá er það Þorgrímur Þráinsson.

Furðulegasti matur sem þú hefur borðað?

Örugglega krabbakjöt.

Besti knattspyrnumaður allra tíma?

Pelé, sá langbesti.



Kengúrukjöt er skrítnasti maturinn

Víktor Benóný Benediktsson

Besta bíómynd allra tíma?

The Godfather, Part 1.

Hvað færðu þér á pítsuna?

Beikonkurl, bbq-sósu og sveppi.

Uppáhaldssamfélagsmiðillinn?

Instagram.

Hvað gerirðu milli 5 og 7 á daginn?

Er með vinum mínum og á handboltaæfingum

Án hvers getur þú ekki verið?

Mömmu minnar.

Hvaða ofurkraft værir þú til í að vera með?

Stoppa tímann.

Uppáhaldsrithöfundur? (Og já, það má segja Gunni Helga.)

Hildur Knútsdóttir.

Furðulegasti matur sem þú hefur borðað?

Kengúrukjöt.

Besti knattspyrnumaður allra tíma?

Dimitar Berbatov, leikmaður hjá Manchester United.

Besta bíómynd allra tíma?

Hef ekki séð hana enn!



Pabbi er uppáhaldsrithöfundurinn

Lúkas Emil Johansen

Besta bíómynd allra tíma?

Víti í Vestmannaeyjum.

Hvað færðu þér á pítsuna?

Margarita, annars skinku og ananas.

Uppáhaldssamfélagsmiðillinn?

Instagram.

Hvað gerirðu milli 5 og 7 á daginn?

Á virkum dögum er ég á fótbolta- eða leiklistar-æfingum en um helgar er það misjafnt.

Án hvers getur þú ekki verið?

Fjölskyldunnar – og fótbolta.

Hvaða ofurkraft værir þú til í að vera með?

Að geta flogið eða vera ósýnilegur.

Uppáhaldsrithöfundur? (Og já, það má segja Gunni Helga.)

Darri Johansen. Svo kemur Gunnar Helgason.

(Darri er faðir Lúkasar.)

Furðulegasti matur sem þú hefur borðað?

Ég man það ekki, kannski pítsa með banana. Mér fannst það frekar frikað.


Besti knattspyrnumaður allra tíma?

Lionel Messi.

TYPE *R*

FRUMSÝNDUR 14. APRÍL





FRÉTTABLAÐID/VALLI

Hið fullkomna frelsi

Marta Nordal leikstýrir Rocky Horror Show sem er að slá í gegn í Borgarleikhúsinu og tekur senn við starfi leikhússtjóra Leikfélags Akureyrar. Hún varð fimm ára gömul heilluð af leikhúsheiminum og árin hafa síður en svo dregið úr þeirri ástríðu. Hún segir leikhúsið geta verið miskunnarlausan heim.

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrun@frettabladid.is



Marta Nordal hefur ástæðu til að fagna. Hún er leikstjóri Rocky Horror Show sem Borgarleikhúsið sýnir við gríðarlegar vinsældir. Marta hefur leikstýrt fjölda verka en segir þessa vinnu hafa verið mjög ólíka því sem hún hafi áður fengist við. „Ég hef aldrei leikstýrt á stóru sviði, aldrei leikstýrt jafn mann-margri og viðamikilli sýningu og aldrei leikstýrt söngleik. Þetta hefur verið mikil reynsla og vinnan var ótrúlega skemmtileg og gefandi,“ segir hún. „Í Rocky Horror er sterkt fólk á öllum póstum. Þegar þessir stórkostlegu listamenn koma saman þá verða til töfrar. Ég vil skapa töfra.“

Mörtu biður nýtt og spennandi verkefni en hún tekur fljótlega við starfi leikhússtjóra Leikfélags Akureyrar. „Mér list mjög vel á það starf. Þegar ég útskrifaðist sem leikkona lék ég á Akureyri og var þar í eitt og hálft ár. Það var dásamlegur tími og ég kynntist mjög skemmtilegu fólki. Mér þótti strax mjög vænt um leikfélagið og samfélagið. Samkomuhúsið er ákaflega sjarmerandi hús með góðu sviði og ég á ákaflega góðar minningar þaðan,“ segir hún.

Spurð um áherslur í hinu nýja starfi leikhússtjóra segir hún: „Fyrst og fremst vil ég fá fólk í leikhús. Ég vil að Akureyringar séu stoltir af leikhúsi sínu, finnist þeir eiga hlut í því og flykkist á sýningar. Þótt ég hafi mikinn áhuga á tilraunakenndu leikhúsi er ég ekki að fara að leggja áherslu á tilraunasýningar. Ég er að fara aðra leið. Ég ætla að leggja áherslu á barnasýningar og fjöl-skyldusýningar. Það er líka mikilvægt að stuðla að sérstöðu Leikfélags Akureyrar og skapa því sterka ímynd með því að tengja við norð-lenska menningu; skáld og listamenn þaðan. Halda menningu þessa landshluta á lofti. Leikfélag Akureyrar er eina leikhúsið sem er með sín-fóniuhljómsveit innanborðs, sem er ákveðinn styrkur sem þarf að nýta. Ég stefni því einnig á sýningar í samstarfi við Þorvald Bjarna Þorvaldsson og Sinfóníuna og þá verður um að ræða söngleiki eða músiktengdar sýningar.

Það er mikilvægt að skapa leikhússamfélag á Akureyri sem verður raunverulegt mótvægi við leikhúsin í Reykjavík en til þess að svo verði þarf að fastráða leikara og listamenn. Ég geri mér grein fyrir kostnaðinum við slíkt og ég stefni á einhverjar fastráðningar núna en langtímamarkmiðið er auðvitað að fyrir norðan verði til hópur sviðs-listafólks sem býr þar og starfar.“

Fimm ára í leikhúsgrýfju
Hvenær fékkstu áhuga á leiklist, var kannski mikill leiklistaráhugi á heimilinu?

„Ég ólst upp í nánd við menningu og listir og fannst það bara sjálfsagt, en auðvitað var það ekkert sjálfsagt. Fjölmörg börn hafa ekki aðgengi að menningu og listum og í því felst mikið óréttlæti en eitt mesta óréttlæti sem til er, er að mismuna börnum. Það var reyndar ekki lögð mikil áhersla á leikhús í okkar uppeldi og pabbi og mamma hvöttu mig ekki sérstaklega til að fara út á þessa braut. Salvör systir var í ballett og ég fylgdist með henni. Hún smitaði mig af dansáhuganum og ég var í klassískum ballett þegar ég var litil. Þegar ég var fimm ára sá ég Kardemommubæinn í Þjóðleikhúsinu, reyndar nokkrum sinnum. Salvör var ein af litlu stelpunum sem dönsuðu í sýningunni. Hún tók mig stundum með og ég sat þínulítill í gryfjunni við hliðina á hljómsveitarstjóranum. Þetta var fyrsta upplifun mín af hinum heillandi heimi leikhússins.

Ég varð hugfangin af leikhúsinu og fór að leika strax í barnaskóla í skólasýningum. Fjórðan ára gömul sá ég Cats í London og sú sýning hafði djúpstæð áhrif á mig. Ég hafði aldrei séð annað eins. Hluti af mér heillast af hinu mikla sjónarspili söngleikjanna, þótt ég hafi ekki fundið þörf fyrir að tjá það í list minni fyrr en núna. Í leiklistinni kem ég úr hinni klassísku átt og þar er annars konar nálgun og still.“

Fyrirmyndin Ólöf
Marta ólst upp í stórum systkina-hópi. Systkini hennar eru Bera, Sigurður, Guðrún, Salvör og Ólöf, sem lést á síðasta ári. Ólöf lést langt um aldur fram eftir hetjulega baráttu við erfið veikindi. „Dauði hennar er það versta sem ég hef nokkru sinni upplifað,“ segir Marta.

Hvernig manneskja var Ólöf?
„Af systkinunum var Ólöf næst mér í aldri og við vorum mikið saman. Ég man að þegar við vorum krakkar gaf pabbi okkur mjög oft Toblerone. Ég faldi alltaf mitt súkkulaði því ég vildi njóta þess að borða það í einrúmi en Ólöf skildi sitt eftir á glámbekk og leyfði öllum að fá sér. Þetta var mjög lýsandi fyrir hana og kom strax fram þegar hún var barn. Hún var frjáls í sér, ekki bundin hlutum, einstaklega góð og mjög viðkvæm. Þegar hún var komin út í stjórnmálin lærði hún að koma sér upp skráp og faldi viðkvæmnina vel, en innst inni var hún alltaf sú sama.

Ólöf var mér mjög mikil fyrirmynd. Hún var lífsnautnamanneskja, fljót að taka ákvarðanir og hörkudugleg. Hún lifði lífinu til

fullnustu. Hún var ekki manneskjan sem sagði: „Ég hefði átt að...“ eða: „Ég átti eftir að gera þetta...“ Hún gerði það sem hún ætlaði sér. Hún átti auðugt líf. Hún eignaðist fjögur börn og ég sé hana í þeim öllum.“

Frelsið á jaðrinum
Marta útskrifaðist sem leikkona frá The Bristol Old Vic Theatre School árið 1995. Hún lék hjá Leikfélagi Akureyrar, Þjóðleikhúsinu og Borgarleikhúsinu. Hún segir að leikkonustarfið hafi verið mjög gefandi. „Það er mikil þjálfun sem felst í því að standa á stóru sviði, þótt maður sé ekki í stórum hlutverkum. Maður vinnur með ólíku fólki og leikstjór-um og er hluti af vel smurðri vél. Þetta gekk misvel og stundum var ég frústreraður leikari en ég öðlaðist mikla reynslu. Ég ákvað síðan að snúa mér að leikstjórn og hef ekki leikið í tíu ár. Ég hef ekki fundið þörfina fyrir það.“



ÓLÖF VAR MÉR MJÖG MIKIL FYRIRMYND. HÚN VAR LÍFSNAUTNAMANN-ESKJA, FLJÓT AÐ TAKA ÁKVARÐANIR OG HÖRKU-DUGLEG. HÚN LIFÐI LÍFINU TIL FULLNUSTU.

Áttu þér draumahlutverk?
„Ekki lengur. Mig langaði alltaf til að leika stóru kvenhlutverkin í Shakespeare, eins og lafði Macbeth. Ég leik þetta ekki hæðan af, mig skortir þjálfun.“

Árið 2010 stofnaði Marta leikhópinn Aldrei óstelandi ásamt Eddu Björgu Eyjólfsdóttur og leikstýrði öllum sýningum hópsins. „Okkur langaði til að skapa leikhús að okkar hætti. Þegar maður er með eigin leikhóp getur maður búið til sín eigin verkefni, valið leikara og tekið þann tíma sem maður þarf í verkið. Maður getur gert það sem maður vill alveg frá grunni. Þetta er hið fullkomna frelsi. Frelsi er nauðsynlegt afl í hvaða listgrein sem er. Stofnanir eru háðar ákveðnum markaðsskilyrðum enda flókin fyrirbæri með mikla ábyrgð. Á jaðrinum ríkir hins vegar mikið frelsi og þar er framþróunin í listinni. Okkar markmið í Aldrei óstelandi hefur verið að skoða menningararf okkar upp á nýtt, ögra leikhúsforminu, gera tilraunir og hafa kjark til gera og segja það sem við viljum án þess að fylgja alltaf rótgrónum hugmyndum okkar um hvað leikhús á að vera. Litlir leikhópar þurfa ekki að hlýða markaðnum og eiga í raun ekki að hlýða einu eða neinu nema listinni.“

Klisjan í leikhúsinu
Þú hefur leikstýrt fjölda verka. Hvernig leikstjóri ertu?

„Ég er ekki stjórnsöm. Ég kalla eftir hugmyndum frá leikurum og listamönnum um í kringum mig. Það hefur alltaf gefist best. Ég þarf á þessu samtali að halda. Ég fer ekki í vörn eða bít frá mér sé einhver ósammála mér. Ég kann að meta listrænan heiðarleika. Einn kvikmyndaleikstjóri sagði að það sem einkenndi góðan leikstjóra væri að velja fólk með sér sem væri betra en hann, mér þykir þetta góð speki.“

Talið berst að fjármögnun til menningarstarfsemi sem er grundvöllur listsköpunar en Marta segir: „Við verðum að skoða hvernig fjármunum er útteilt og í hvað. Reykjavíkurborg úthlutar árlega menningarstyrkjum, allt frá 100 þúsundum upp í nokkrar milljónir fyrir hvert verkefni. Ég velti því fyrir mér hversu góð nýting er á fjármunum þegar þeim er dreift svona víða. Í þessari miklu dreifingu felst fælni við að taka ákvarðanir. Það krefst ákveðins hugrekksis að setja mikla peninga í fá verkefni og það

Pallurinn og plokkið

MÚRBÚÐARVERÐ



Lavor Galaxy 150 háprýstidæla

2100w, 150 bör (240 m/ túrbóstút), 450 l/klst. Með pallabursta.

17.990



26.490

Lavor Space 180 háprýstidæla

2500W, 180 bör (245 m/túrbóstút), 510 L/klst. Pallabursti og felguhreinsir fylgja.



29.990

Lavor SMT 160 ECO

2500W, 160 bör (245 m/ túrbóstút) 510 L/klst. Þrjár stillingar: mjúk (t.d. viður), mið (t.d. bill) og hörð (t.d. steypa).



Gróðurmold 20 l

560

40 l kr. 990



Sterkir Cibon strákústar

45cm **1.395 kr.**
60cm **1.895 kr.**



Lavor Vertigo 28 háprýstidæla

2800w, 160 bör (220 m/ túrbó), 510 l/klst. 4 mismunandi spissar, hægt að nota í sandblástur (aukasett).

66.990

Cibon Fúgu vírbursti

3x10 laga m/skafti

1.490



GOTT ÚRVAL
AF SKÓFLUM Á
GÓÐU VERÐI

1.690



Tia Greinaklippur

1.590



Meistar Upptíslutól/plokkari

Verð **1.570**

Fyrir plokpara

**25%
AFSLÁTTUR**



Tansun geislahitari – 2.0 kW

áður 39.990 kr.

29.993

- IP staðlað fyrir íslenska veðráttu
- 2 ára ábyrgð

Kaliber 4 brennara Gasgrill

4x3,5KW brennarar (14kw), grillflötur 68x44cm.

49.990

Kaliber
PREMIUM GRILL



Hjólbörur 80L

3.990

MARGAR
GERÐIR AF
HJÓLBÖRUM

Opið í dag

Kl. 10-16 á Kletthálsi
og 10-14 í Reykjanesbæ

Reykjavík	Kletthálsi 7.	Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-16
Reykjanesbær	Fuglavík 18.	Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-14
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is		

Netgíró
Betri leið til að versla

MÚRBÚÐIN
Gott verð fyrir alla, alltaf!

krefst þess líka að menn standi með vali sínu. Það er auðveldara að dreifa peningunum sem mest því þá er hægt að friða alla. Margir fá eitt-hvað, en yfirleitt það lítið að þeir þurfa að leita að stórum styrkjum annars staðar frá. Mér finnst það vera ihugunarefni fyrir Reykjavíkurborg hvort hún ætti ekki að verða sterkari bakhjarl. Við höfum marg-oft fengið úthlutanir frá borginni og í mörgum tilfellum ekki getað notað peninginn í neitt.

Mér finnst líka kominn tími til að skoða uppstokkun á listamanna-launum og menningarsjóðum á vegum ríkisins sem allir eru með sérstaka stjórn og umsýslu. Í stað þess að vera með marga sjóði sem úthluta einu sinni á ári og dreifa þannig fjármagni milli listgreina mætti skoða að setja peningana í einn risastóran listasjóð sem úthlutað væri úr til allra listgreina samkvæmt eftirspurn. Þetta yrði með svipuðu fyrirkomulagi og Arts Council í Englandi. Ég held að með þessu móti gæti fjármagníð nýst betur og sjóðurinn verði öflugri og dýnamískari. Hugsanlega myndi líka þessi leiðinlega árlega umræða um listamannalaunin leggjast af þar sem úthlutanir væru 3-4 sinnum á ári í mismunandi verkefni og dreifðust þar af leiðandi yfir árið. Þetta eru ekki nýjar hugmyndir en þyrftu að komast á kortið.

Það þarf líka að hækka úthlut-anir til verkefna svo að sjálfstæða senan verði raunverulegt mótvægi við stóru leikhúsin. Nú er ekki hægt að lifa á því að vera sjálfstæður sviðs-listamaður, það gefast allir upp á endanum því fjármagníð er svo lítið til einstakra verkefna og launin svo lág. Við þurfum að eiga leikhúsfólk í sjálfstæða geiranum á öllum aldri ekki bara þá ungu nýútskrifuðu. Það er mjög mikilvægt fyrir leikhúsþróunina ef við viljum raun-verulega fjölbreytni og nýsköpun eða viljum kynna sviðslistir utan landsteinanna.“

Æsingur í umræðunni

Hvernig finnst þér opinber umræða um leikhús vera hér á landi?

„Við erum litil þjóð og þeir einstaklingar sem helst taka til máls um leiklist eru þeir sem vinna ekki í leikhúsunum. Leikhúsfólk hikar við að segja skoðun sína opinberlega því allri gagnrýni er tekið persónulega, og þessir einstaklingar vilja ekki styggja þá sem eru hugsanlega að fara að ráða þá í vinnu. Þetta hamlar verulega uppbyggilegri gagnrýni og umræðu.

Oft hefur mig langað til að segja þetta eða hitt en geri það ekki af þessum ástæðum. Ég nenni ekki að lenda upp á kant við fólk. Hef einu sinni gert það og fékk þá bara skömm í hattinn. Þetta verður alltaf persónulegt. Mér finnst leiklistar-gagnrýnendur ekki stuðla að nægilegri umræðu. Þegar þeir fara yfir leikárið eru þeir aðallega að telja upp verk og leikgerðir þegar þeir ættu að ræða um inntakið, erindið og samhengið við það sem verið er að gera á erlendum vettvangi. En kannski eru þeir bara líka búnir að gefast upp, vilja ekki fá yfir sig skammir frá viðkvæmu leikhúsfólki.

Við verðum oft dálítið æst í umræðunni og persónuleg og það fælir frá. Það verður til dæmis allt vitlaust ef einhver leyfir sér að segja að ekki sé allt í leikhúsi listsköpun. Mér finnst þetta vera dæmi um vanstillta umræðu því þetta er mjög áhugaverður punktur. Leikhús er ekki bara listsköpun, leikhús er líka skemmtun og það er ekkert skammaryrði. Það er ekki allt list-sköpun og það eru ekki allir listamenn. Skemmtun fylgir ákveðinni formúlu og innan hennar er ekki mikil leit eða listsköpun en það þarf að vinna hana vel til að formúlan virki. Við eigum ekki að gera lítið úr skemmtun því hún er líka mikilvæg fyrir sálartetrið. En það er mikilvægt að orð glati ekki merkingu sinni og hlutir séu kallaðir sínum réttu nöfnum, annars fletjum við allt út. Klisjan hefur rutt sér inn í leikhús og við erum hætt að gera greinarmun á



Það er stundum eins og strákarirnir hafi stokkið fullvaxnir úr höfði Seifs meðan konur hafa farið þrepaleiðina.



ÞAÐ ER BARA ÞANNIG

AÐ KARLMENN TREYSTA

KARLMÖNNUM BETUR

EN KONUM OG FELA ÞEIM

FREKAR VERKEFNI. ÞAÐ

SKIPTIR ÞVÍ MIKLU MÁLI

AÐ KONUR SÉU Í HÓPI

YFIRMANNA OG GERI HLUT

KVENNA SEM MESTAN.

henni og raunverulegri listsköpun og leit. Klisjan er sýnileg í leik, skrifum og sviðsetningu. Þetta eru bara bein áhrif frá Hollywood en við verðum að vera vakandi fyrir þessu og í stað þess að samþykkja staðfestar hug-myndir án umhugsunar verðum við að spyrja spurninga og leita ann-arra leiða eða að minnsta kosti nota klisjuna meðvitað.“

Finnst þér konur fá næg tækifæri í leikhúsheiminum?

„Til langs tíma var leikhúsið karla-heimur þar sem strákarirnir stóðu saman. Mér finnst eins og þetta sé að breytast. Fleiri konur eru komnar í framvarðarsveit og ýta konum fram sem er löngu tímabært. Sem dæmi má nefna að Brynhildur Guðjóns-dóttir mun leikstýra jólasýningu Borgarleikhússins, Rikharði III eftir Shakespeare. Það hefur hingað til ekki þótt tiltökumál fyrir strákana að leikstýra stórum sýningum þrátt fyrir að vera reynslulitlir í leikstjórn og þeir hafa sóst eftir því. Það er stundum eins og strákarirnir hafi stokkið fullvaxnir úr höfði Seifs meðan konur hafa farið þrepaleiðina. Það er bara þannig að karl-

menn treysta karlmönnum betur en konum og fela þeim frekar verkefni. Það skiptir því miklu máli að konur séu í hópi yfirmanna og geri hlut kvenna sem mestan.“

Talið berst óhjákvæmilega að MeToo-byltingunni. Marta segir að þar snúi ekkert að henni sjálfri sem hún þurfti að ræða sérstaklega. „Það þarf að uppræta þennan karla-kúltúr sem hefur ríkt alltof lengi, alls staðar. Við höfum leyft þessu að viðgangast,“ segir hún. „Það er oft talað niður til kvenna, þeim er sýnd kynferðisleg áreitni og þurfa margar að þola eitthvað enn verra. Þetta er auðvitað óþolandi og mikilvægt að konur geri þetta sýnilegt og krefjast breytinga.

Hins vegar getur það verið var-hugaverð þróun þegar menn eru sviptir ærunni án þess að dómstóla-leiðin sé farin og ekki er ljóst hver stendur á bak við ásakanirnar. Það er ástæða fyrir því að við erum með dómstóla. Það er verið að ásaka manneskjur sem við sem tengjumst leikhúsinu þekkjum og höfum unnið með. Í sumum þessara mála hef ég engar forsendur til að móta



Í ÞESSU FAGI MÍNU HEF ÉG

SÉÐ HVERSU ERFITT ÞAÐ

ER AÐ ELDAST. KOLLEGUM

MÍNUM HEFUR MÖRGUM

VERIÐ ÝTT TIL HLIÐAR

ÞEGAR ÞEIR ERU KOMNIR

YFIR FIMMTUGT.

mér afstöðu því ég veit ekki hvað gerðist og veit ekki hver stendur á bak við ásakanirnar. Maður situr eftir með spurningarmerki. Þetta hefur reynst mörgum í leikhúsinu afar erfitt og hefur valdið mér ákveðnu hugarangri. Umræðan á síðustu mánuðum hefur líka verið soldið vægðarlaus og einhliða, ég hef til dæmis verið hugsi yfir harðri gagnrýni á Listaháskólann og þá sér-staklega frá fólki sem aldrei hefur starfað þar og þekkir lítið til. Mér finnst það soldið ábyrgðarlaust.“

Miskunnarlaus heimur

Það hefur heyrst að erfitt sé að eldast í leikhúsinu, verkefnin verði einfaldlega mun færr. Er það rétt?

„Í þessu fagi mínu hef ég séð hversu erfitt það er að eldast. Koll-egum mínum hefur mörgum verið ýtt til hliðar þegar þeir eru komnir yfir fimmtugt. Þetta er fólk sem er enn í fullu fjöri, er reynslumikið og hefur mikið að gefa, en þarf að þola það að eftirspurnin minnkar jafnt og þétt þar til hún er orðin engin. Leikhúsið er líka miskunnarlaus heimur og stundum dettur fólk bara úr tisku, er í öllu eina stundina og svo allt í einu ekki í neinu. Ég hef horft upp á þetta aftur og aftur. Kannski er það vegna þess hversu fá við erum að við fáum bara leið hvert á öðru og viljum eitthvað nýtt eða að okkur leyfist illa að gera mistök sem er reyndar fáránlegt þar sem það sem aðrir kalla mistök geta verið mikil-vægar gjafir í listsköpun. Að minnsta kosti hef ég lært meira á mínum svokölluðu mistökum en öllu því sem gekk upp. Svo er það bara skil-greiningaratriði í listum hvað kalla má mistök.“

Kviðir þú því að eldast?

„Ég vann einu sinni á elliheimili og mér fannst erfitt að upplifa ein-manaleikann sem ég sá þar. Mér finnst gaman að vera til og stúss-ast í lífinu. Ég kviði hins vegar ein-manaleikanum í ellinni þegar eng-inn hefur áhuga á manni lengur og maður finnur ekki fyrir drifkrafti vegna þess að það er ekkert fyrir mann að gera. Ég óttast að þá verði ég dottin út úr hringiðunni, ekki lengur eftirsótt og sömuleiðis hætt að vera eftirsóttur félagsskapur. Þetta fer samt eftir fólki. Pabbi er lífsfjörugasti maður sem ég þekki, í honum býr mikill lífsþorsti og lífs-vilji. Hann er alltaf að og silesandi. Hann er hinn fullkomni eldri maður að því leyti að hann fer allt og lætur ekkert stoppa sig.“

Hvað hefur vinnan í leikhúsinu gefið þér?

„Ég hef oft hugsað: Myndi ég geta gert eitthvað annað? Þetta er svo mikið tilfinningastarf og það er kannski það erfiðasta. Þegar ég er að vinna að verkefnum geng ég algjörlega inn í þau. Rétt fyrir frumsýningu er ég ein taugahrúga, þótt það sjáist ekki á mér. Þegar ég tek að mér ný verkefni segir maðurinn minn: „Guð minn góður, ætlarðu að leggja þetta á þig eina ferðina enn!“

Ég hef unun af að fara á sýningar og ræða þær, bæði hér heima og erlendis. Ég hef sterka ástríðu fyrir leikhúsinu en veit ekkert hvaðan hún kemur. Þessi blossomandi áhugi kviknaði þegar ég var ung og árin hafa ekkert dregið úr honum. Nú biður mín nýtt verkefni, þar sem ég sem leikhússtjóri stíg frá eigin list-sköpun og stuðla að listsköpun ann-arra. Ég hlakka til.“



RÝMUM FYRIR
NÝJUM VÖRUM

2.-8. APRÍL Í ÖLLUM VERSLUNUM OG VEFVERSLUN

TIL AÐ VIRKJA AFSLÁTT Í
VEFVERSLUN KÓÐI:
2018

Lin
DESIGN

SMÁRATORGI | KRINGLAN | GLERÁRTORGI | LINDESIGN.IS

Ungt fólk í stjórnmálum



„Tilfinningar eru hörðu málin! Ef þú vilt standa þig, þá tekstu á við vandamálin,“ segir Egill Þór Jónsson. FRÉTTABLAÐID/VILHELM



ANNAR FRAMBJÓÐANDI

Á LISTANUM OKKAR BÝR Í

BÍLSKÚR HJÁ FORELDRUM

SÍNUM.

Býr hjá mömmu

Egill er uppallinn í Breiðholti. Þar býr hann enn og starfar. „Ég hef búið hér alla mína tíð. Og ætla að búa hér áfram. Ég bjó fyrstu árin í blokkaríbúð í Stelkshólunum. Þaðan fluttum við í Fýlshóla. Ég bý enn hjá mömmu, held það sé ekki algengt. Að stjórnmálamenn búi í foreldrahúsum. En kannski er það að breytast. Veruleiki mjög margra í dag er svona. Tækifæri okkar unga fólksins til að kaupa fasteign í borginni eru engin. Allir vinir mínir, sem hafa flutt að heiman, fluttu í önnur sveitarfélög. Vegna þess að þeir fundu ekki húsnæði við hæfi í borginni. Annar frambjóðandi á listanum okkar býr í bílskúr hjá foreldrum sínum. Það er ekkert til að skammast sín fyrir, við erum bara að bjarga okkur. En tækifærin ættu að vera fleiri.

Ég gekk í Hólabrekkuskóla. Vann á tímabili sem póstburðardrengur. Ég þekki því Breiðholtið eins og handarbakið á mér. Þúinn að þræða hér göturnar með póstin.

Breiðholtið mótagi

Ég gekk í Fjölbrautaskólann í Breiðholti og lærði svo seinna félagsfræði í Háskóla Íslands. Lokaverkefnið fjallaði líka í ákveðnum skilningi um hverfið mitt. Ég fjallaði um félagsfræðilega þætti velgengni hjá Leikni. Félagsfræðin snýst að miklu leyti um það sem er að. En þú getur líka skoðað hvernig þú nærð árangri, hvernig þú bætir samfélagið. Knattspyrnulið er bara lítið samfélag. Pinulítið samfélag. Ég lærði margt í félagsfræði sem mun nýtast mér í stjórnmálastarfi. Ég vil stuðla að því að búa til sem best umhverfi fyrir fólk, svo það þrífist, fái tækifæri og liði vel,“ segir Egill.

„Ég vil að kerfið virki. Reykjavíkurborg er risastórt samfélagskerfi, kerfi sem sumum finnst ekki virka nægilega vel. Það eru ótal þættir sem þarf að hlúa að. Ég hlakka til að taka þátt í því. Það er svo margt sem ég sé og veit að má gera betur. Fyrst og fremst þarf að gæta þess að fólk fái frelsi og tækifæri.

Umhverfi mitt mótaði mig. Ég er fótboltastrákur. Ég á góða féлага og vini. Ég á góða að,“ segir Egill.

Móðir Egils heitir Dána Sveinbjörnsdóttir. Faðir hans heitinn var Jón Þór Traustason.

Að missa besta vin sinn

„Ég er ekki feiminn við það að tala um þann atburð sem mótaði mig mest í lífinu. Hann var fyrir fimm árum. Þá urðum við fjölskyldan fyrir miklu áfalli. Pabbi hafði farið á kak. Hann ætlaði í Herðisarvík að veiða. Hann var vanur að láta vita af sér. En í þetta skipti var hann utan þjónustusvæðis. Mamma kom inn í herbergið mitt og var áhyggjufull. Hún sagði að pabbi svaraði ekki í símann. Það hlýti eitthvað að hafa gerst. Hún fann þetta á sér. Við vorum að passa litla frænku okkar, svo að við héldum ró okkar. Við heyrnum þyrluna fljúga yfir. Horfum hvort á annað og vitum bæði að eitthvað hefur gerst. Þó að ég hafi ekki viljað horfast í augu við það einmitt á þessari stundu. En svo er bankað.

Til okkar er kominn lögreglu maður frá Selfossi. Við sáum það strax á svip hans hvað hafði gerst. Hann greindi okkur frá því að pabbi hefði druknað. Endurlífgunartíraunir hefðu engan árangur borið,“ segir Egill frá.

Ekki feiminn við að ræða tilfinningar sínar

Félagsfræðingurinn **Egill Þór Jónsson** býr og starfar í Breiðholti. Hann missti föður sinn fyrir fimm árum í kajakslysi og segir það hafa breytt afstöðu sinni til lífsins. Hann býður sig fram til borgarstjórnar.

Kristjana Björg Guðbrandsdóttir
kristjana@frettabladid.is



Egill Þór Jónsson er 27 ára gamall. Hann situr í fjórða sæti á framboðslista Sjálfstæðisflokksins til borgarstjórnar. Hann er félagsfræðingur að mennt, starfar sem teymisstjóri á búsetukjarna hjá velferðarsviði Reykjavíkurborgar. Hann var formaður Vöku frá 2015 til 2016 og formaður Norms, félags félagsfræðinema við Háskóla Íslands.

Það kom Agli þægilega á óvart að vera treyst í baráttuna. „Ég hef eingöngu sinnt trúnaðarstörfum fyrir Sjálfstæðisflokkinn í eitt ár. Listinn var kynntur á fimmtudegi, ég fékk símtalið á sunnudegi. Það var ákall í flokknum um að stilla upp breiðari lista í vor. Ég vissi að það var fullt af fólki í grasrótinni sem vildi fá mig til starfa í borginni. En ég hafði þá

ímyndað mér að ég fengi kannski 12. til 15. sæti eða eitthvað slíkt. Þetta var mikil gleði. Að fá þetta tilboð. Og þetta er enn svolítið óraunverulegt. Þetta er mikil ábyrgð sem mér er falin,“ segir Egill.

Egill segir aldrei hafa komið til greina að segja nei. Hann hafi lengi haft áhuga á stjórnmálum. „Ég hef áhuga á fólki og samfélaginu. Ég er menntaður í félagsfræði, það er ekki endilega algengt. En þetta er það sem ég hugsa um nærri alla daga. Fólk og samfélög.

Valdefling til fatlaðra

Ég vinn með þroskaskertum, geðfötluðum og fólki með einhverfu hér í búsetukjarna í Breiðholti. Mér eru málefni fatlaðra mjög hugleikin og finnst til dæmis ótækt að það sé hægt að flytja þau hingað og þangað í ýmis úrræði og búsetu og þau fái engu um það ráðið. Það er svo sterkt í þessum heimi að vilja banna og stjórna þeim sem hafa ekki völd eða kraft til að hreyfa mótmælum. Ég meina, myndir þú segja við maka þinn, nú mátt þú ekki drekka kók? Það er ótrúlegt hvað leyfist að segja og gera við fatlað fólk. En hér í búsetukjarnanum sem ég vinn í gætum við að sjálfstæði þess. Við vinnum eftir hugmyndafræði um sjálfstætt líf. Einstaklingar eru með starfsmann sem hjálpar þeim með allt sem viðkemur daglegu lífi. Þessir einstaklingar eiga rétt á að lifa jafn sjálfstæðu lífi og við. Fötlun á ekki að vera fyrirstaða,“ segir Egill.

Hann segist trúa því að almennt séð þurfi að draga úr miðstýringu þegar kemur að umönnun fólks. „Valdefling og frelsi til sjálfstæðis og tækifæra. Það finnst mér skipta máli í mínu starfi en líka víðar, til dæmis í skólastarfi. Mér finnst almennt þurfa að hlusta betur á fólk.“

Úr lífi Egils Þórs



Egill litill með föður sínum heitnum, Jóni Þór, um áramót. Og til hliðar með móður sinni Diönu. Á mynd til hægri með föður sínum við stúdentsútskrift.



ÉG TÓK MEÐVITAÐA ÁKVÖRÐUN UM AÐ LIFA LÍFINU TIL FULLS FRÁ MORGNI TIL KVÖLDS.

Hann segir fráfall föður síns hafa breytt sér fyrir lífstíð. „Sumir segja að stærsta stund í lífi þeirra sé þegar þeir eignast börn. Að sjá líf fæðast í heiminn. Á sama hátt segi ég að þetta hafi verið stærsta stundin í mínu lífi, með öfugum formerkjum. Að missa pabba sinn, besta vin sinn, svona skyndilega og finna fyrir því hvað lífið er viðkvæmt.

Tilfinningar grunnurinn

Ég hugsaði með mér að annaðhvort myndi þetta rífa mig niður eða byggja mig upp. Ég tók meðvitaða ákvörðun um að lifa lífinu til fulls frá morgni til kvölds. Þó að ég hafi auðvitað tekið minn tíma í að taka út áfallið. Ég hef samt aldrei notað fráfall pabba sem afsökun fyrir nokkrum hlut. Námið hjálpaði mér og styrkti mig.

Vinir mínir líka. Ég rækta vin-skapinn og ég er ekki feiminn við að ræða tilfinningar mínar. Sumir segja að strákar séu feimnir við að ræða liðan sína. Ég er það ekki. Ég hendi mér beint í það,“ segir Egill og hlær.

„Ég sé það oft þegar ég byrja að opna vini mína sem eiga erfitt með þetta, að þeim liður betur eftir á. Þó að það sé óþægilegt fyrst. Það er bara af því að margir strákar eru ekki vanir því að ræða tilfinningar sínar.

Tilfinningar eru hins vegar grunnurinn að öllu lífinu. Og stjórnmálum. Ef ég get ekki unnið úr tilfinningum mínum, hvernig get ég þá tekist á við þá ábyrgð að setja mig í spor annarra? Viðhorf stráka er að breytast hvað þetta varðar. Tilfinningar eru hörðu málin! Ef þú vilt standa þig, þá tekstu á við vandamálin. Til að þú getir reynt að takast á við vandamál annarra,“ segir Egill sem hlakkar til að takast á við þá ábyrgð sem honum hefur verið falin.

Taktu fyrsta skrefið

„Einu sinni var ég hræddur við að takast á við ábyrgð. Það var áður en ég ákvað að bjóða mig fram til formanns í félagi félagsfræðinga. Ég efaðist um mig sjálfan.

Ætla ég, strákur úr Breiðholti, að takast á við svona mikla ábyrgð? Mér óx það í augum. Ef ég ætti að gefa öðrum jafnöldrum mínum einhver ráð, þá segi ég: Taktu fyrsta skrefið. Ef þú býður þig fram, tekst á við hlutina, þá færðu tækifæri. Og ef þú færð tækifæri, segðu þá já!“

Á næstu vikum verða birt viðtöl við ungt fólk í framboði til borgarstjórnar í vor. Næsti viðmælandi Fréttablaðsins er Hreindís Ylva Hólm hjá Vinstri grænum.



Tilraunaverkefni um deilibíla

Samstarf um deilibíla

Reykjavíkurborg auglýsir eftir deilibíla-leigu til samstarfs í eins árs tilraunaverkefni sem felst í því að bjóða upp á tvo til þrjá deilibíla fyrir borgarstarfsmenn.

Deilibílaþjónusta getur komið í stað borgarbíla sem starfsmenn borgarinnar nota í dag við ákveðnar aðstæður til þess að komast milli staða, auk þess að mæta þeirra persónulegu þörfum.

Verkefnið styður samgöngustefnu borgarinnar með margvíslegum hætti og er tilgangur verkefnisins að meta ávinning af slíku fyrirkomulagi. Borgin mun skapa aðstöðu á borgarlandi auk þess að greiða kostnað vegna aksturs starfsmanna í vinnutengdum erindum. Deilibíla-leigan sér um allan rekstur.

Áhugasamir þátttakendur í mögulegu tilraunaverkefni eru beðnir um að senda tölvupóst á skrifstofu eigna og atvinnuþróunar sea@reykjavik.is í síðasta lagi 9. apríl með lýsingu á hvernig viðkomandi sér reksturinn fyrir sér. Vakin er athygli á að viðkomandi þarf að uppfylla verklagsreglur vegna staða undir deilibíla.



Nánari upplýsingar má finna á reykjavik.is/deilibilar-fyrir-borgarstarfsmenn



Bæði grunnskóli og leikskóli eru á Skagaströnd. Námsstofa fyrir m.a. háskólaborgara, góð líkamsræktarstöð, sundlaug, félagsheimili, bókasafn, verslun, apótek og heilsugæsla.

Alveg einstakt tækifæri!

Hólanesvegur 11 er til sölu eða leigu.

Skagaströnd vex og dafnar, meðal annars vegna aukinnar ferðaþjónustu, því ný gisting hefur hafið starfsemi í bænum. Með fjölbreyttri afþreyingu, útivist og aukinnar eftirspurnar ferðamanna, teljum við kosti eignarinnar augljósa.

Hafirðu áhuga á eða reynslu af ferðaþjónustu og veitingarekstri og vilt njóta þess að starfa og búa á Norðurlandi er í boði bjálkahús sem er afar athyglisvert. Hvort sem þú kýst að kaupa eða leigja Hólanesveg 11 er þetta einstakt tækifæri.

Um eignina: 2 hæðir, 383 m2
Byggingarár er 1998

Nánari upplýsingar í síma 869-1709 eða 847-6622 tölvupóstur - gshal0306@gmail.com



Karl og Camilla. Elisabet Englandsdrottning er ekki sérlega hrifin af henni.

Kvartsár og eyðslusamur

Ný bók um Karl Bretaprins vekur athygli og umtal. Þar er sagt frá íburðarmiklum og um margt sérkennilegum lífsstíl hans.

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrun@frettabladid.is



Á undanförunum vikum hefur breska pressan verið óþreytandi við að birta fréttir úr splunkunýrri bók um Karl Bretaprins. Bókin nefnist Rebel Prince: The Power, Passion and Defiance of Prince Charles og höfundurinn Tom Bower, rannsóknarblaðamaður og ævisagnaritari, ræddi við 120 einstaklinga sem hafa haft kynni af prinsinum, þar á meðal eru fjölmargir sem hafa starfað fyrir Karl. Frásagnir í bókinni hafa vakið mikla athygli og óhætt er að segja að þær séu ekki jákvæðar fyrir Karl Bretaprins sem um árábil hefur þolað nokkrar óvinsældir.

Yrði betri bílasali en prins
Í bókinni kemur fram að foreldrar hans, Elisabet drottning og Filippus, hafa áhyggjur af því að hann muni ekki valda embættinu. Sagt er frá því að Filippus hafi fyrir ekki ýkja löngu rætt um það í matarboði við vini sína að Karl myndi ekki verða sérlega góður konungur og hent gaman að því að hár aldur þeirra Elisabetar stafaði ekki sist af því að þeim væri umhugað um að halda syninum frá völdum. Í starfsliði Karls eru ýmsir sammála mati foreldranna. Fyrirverandi einkaritari prinsins sagði eitt sinn við félagu sinn að það myndi



Karlí finnst Vilhjálmur og Katrín fá of mikið sviðsljós.

henta Karlí betur að selja notaða bíla en að vera prins.

Helvíti að vera prins
Prinsinn hefur margoft kvartað undan hlutskipti sínu. „Enginn veit hversu mikið helvíti það er að vera Prinsinn af Wales,“ sagði hann árið 2004. Hann veit að hann er ekki alls staðar hafður í hávegum, þrátt fyrir stöðu sína. „Fólk heldur að ég sé genginn af göflunum, snarklikkaður,“ sagði hann við nokkra gesti sína þegar hann var á göngu með þeim fyrir nokkrum árum. Hann sneri sér síðan að þeim og spurði: „Haldið þið að ég sé brjálaður?“

Camilla skreytti gestabaðherbergi með skopmyndum af Diönu.



**DROTTNINGIN SAGÐI
EITT SINN VIÐ SON SINN
AÐ CAMILLA VÆRI VOND
KONA SEM HÚN VILDI EKKI
EIGA SAMSKIPTI VIÐ.**

hans, sérstakri tegund af klósett-pappír og smádóti ásamt tveimur landslagsmyndum. Eftir dvöl prinsins, sem hafði einnig látið senda lífrænan mat á undan sér, ákváðu gestgjafarnir að bjóða honum ekki aftur. Láí þeim hver sem vill.
Karl er vanur að fá það sem hann vill og ekki þora margir að segja nei við hann. Einn þeirra fáu var listamaðurinn Lucian Freud. Karl spurði hann hvort hann væri tilbúinn að skipta á einu olíumálverka sinna (virði margra milljóna punda) og fá í staðinn vatnslitamynd eftir sig. Freud svaraði: „Ég kærí mig ekki um eina af þínum ómurlegu myndum.“

Vonda konan Camilla
Í bókinni er vitaskuld fjallað um eiginkonu Karls, Camillu Parker Bowles, sem hann átti í ástarsambandi við meðan hann var kvæntur Diönu prinsessu. Díana fór á sínum tíma mörgum ófögurum orðum um Camillu. Andúðin var gagnkvæm. Á fyrstu hjónabandsárum Karls og Diönu kallaði Camilla Diönu iðulega „mús“ og seinna „klikkaða belju“. Gestabaðherbergi á heimili Camillu var skreytt skopmyndum af Diönu.

Elisabet og Filippus eru sögð lítt hrifin af Camillu. Drottningin sagði eitt sinn við son sinn að Camilla væri vond kona sem hún vildi ekki eiga samskipti við. Rétt er að taka fram að Elisabet hafði drukkið martini þegar hún lét orðin falla. Hvorki drottningin né eiginmaður hennar voru viðstödd þegar Karl og Camilla gengu í borgaralegt hjónaband árið 2005. Karl var miður sína vegna þess og lét ekki huggast þótt foreldrar hans héldu móttöku fyrir hin nýgiftu hjón.

Synir Karls og Diönu, Vilhjálmur og Harry, hafa aldrei kunnað vel við Camillu og samband þeirra við föður sinn er á köflum stírt. Sagt er að áður fyrr þegar synirnir komu til Clarence House, sem er bústaður Karls og Camillu, hafi þeir oft farið í gegnum þjónustuinnganginn til að forðast að hitta föður sinn og Camillu.

Karl mun hafa haft áhyggjur af því hversu mjög sviðsljósíð sé á Vilhjálmí syni sínum og Katrínu eiginkonu hans meðan hann sé sjálfur í skugganum. Bower segir að Karl hafi tekið þá ákvörðun að sniðganga Carole Middleton, móður Katrínar, og það hafi reitt Vilhjálm til reiði. Vilhjálmur hafi leitað til ömmu sinnar, drottningarinnar, sem hafi boðið Carole í bíltúr og séð til þess að ljósmyndarar pressunnar næðu mynd af þeim saman.

Corbyn næstur
Vinir Karls mótmæla vitaskuld þeirri mynd sem dregin er upp af prinsinum í hinni nýju bók, sem líklegt er að verði metsölubók. Bower hefur áður skrifað ævisögur Simons Cowell, Roberts Branson og Mohameds Al Fayed. Næsta verkefni höfundarins er ævisaga Jeremys Corbyn, formanns Breska verkamannaflokksins, skrifuð í óþökk hans. Miðað við útreiðina sem Karl prins fær hjá Bower hefur Corbyn fulla ástæðu til að vera áhyggjufullur. Hann mun hafa lagt ríkt á við félagu sína að ræða alls ekki við Bower.

Elisabet og Filippus eru sögð óttast að Karl verði ekki góður kóngur.

Kom í heimsókn með rúm sitt

Í hinni nýju ævisögu er fjallað ítarlega um eyðslusemi og óhóf sem Karl hefur vanið sig á, ólíkt hinni hagsýnu og sparsömu móður hans. Karl hefur 124 starfsmenn í þjónustu sinni, þar á meðal eru fjórir einkaþjónar sem skiptast á að aðstoða hann við að skipta um föt, sem hann gerir allt að fimm sinnum á dag. Árið 2002 flaug Karl til Grikklands til þriggja daga dvalar í klaustri. Slík vist virðist ekki kalla á íburð en samt hafði prinsinn með sér þrjá þjóna, kokk, tvo ritara og lífverði og gríðarmikinn farangur.

Einstaka sinnum gistir prinsinn hjá vinum og kunningjum. Slíkt þarfnast mikils undirbúnings. Í eitt skipti sendi prinsinn starfsfólk á undan sér. Það kom með vöruflutningabíl sem var fullur af húsgögnum prinsins sem áttu að koma í staðinn fyrir þau húsgögn sem voru í gestaherberginu ætluðu honum. Þarna var rúm prinsins og rúmföt hans, ásamt salernissetu

BAUHAUS®

Páskagleði

Nú fer hver að verða síðastur að næla sér í góð tilboð
Páskagleðinni lýkur 2. í páskum. Öpið í dag laugardag
til kl 18 og annan í páskum frá 10-18



25%

afsláttur af
öllum ljósum

m.v. almennt verð



30%

afsláttur af málningu
og viðarvörn frá

Sadolin og Pinotex

m.v. almennt verð



25%

afsláttur af öllum
garðhúsgögnum

m.v. almennt verð



30%

afsláttur af
öllum hillueiningum

m.v. almennt verð



25%

afsláttur af öllum grillum og
grillfylgihlutum frá Broil King

m.v. almennt verð



Verð gildir frá og með laugardeginum 24. mars til og með mánudeginum 2. apríl
Opunartímar Laugardagur 31. mars 10-18. Páskadagur LOKAÐ. Annar í páskum 10-18

LEIKVANGURINN

Bestur innan vallar sem utan

Mohamed Salah er ekki aðeins bestur inni á vellinum þar sem fótafimi hans hefur tryggt Liverpool fjölmörg stig heldur er hann einnig stórkostleg mannvera sem hugsar hlýtt til þorpsins Najrij þar sem hann sleit fyrstu takkaskónum.

Benedikt Bóas Hinriksson
benediktboas@frettabladid.is



Mohamed Salah Ghaly er fæddur 15. júní 1992 í bænum Basyoun. Aðeins 17 árum síðar var hann kominn í byrjunarliðið hjá El Mokawloon. Hann segir sjálfur að hann hafi orðið ástfanginn af fótbolta í kringum sjö eða átta ára og reynt að herma eftir leikmönnum á borð við hinn brasilíska Ronaldo, Zidane eða Totti þegar hann fór út að sparka með vínunum sínum.

Hann var 14 ára þegar hann samdi við El Mokawloon og þurfti að ferðast langar vegalengdir til að komast á æfingu. „Ég var áður í félagi sem var rúman hálf tíma frá þorpinu mínu í Basyoun. Svo fór ég í annað lið sem var um 90 mínútna fjarlægð og þegar ég samdi við El Mokawloon þá tók það fjóra klukkutíma ferðalag á æfingar og fjóra klukkutíma að komast heim,“ segir Salah í viðtali við Guardian.

„Ég fékk að hætta fyrr í skólanum til að fara á æfingar því það voru æfingar yfirleitt klukkan hálf fjögur eða fjögur. Ég var ekki í skólanum nema rétt rúma tvo klukkutíma og trúlega væri allt frekar erfitt ef fótboltaferillinn hefði ekki gengið

Mohamed Salah

15. JÚNÍ 1992

43

LEIKIR

30

MÖRK

10

STOÐSENDINGAR

64

SKOT Á MARK



Salah og Chelsea

Salah gekk í raðir Chelsea árið 2014 þar sem hann spilaði einungis þrettán deildarleiki. Jonathan Wilson, íþróttafréttamaður Guardian, skoðaði ástæðuna fyrir því að Salah gekk ekki vel hjá félaginu þegar hann gekk í raðir Liverpool, og komst að því að Salah hefði ekki fallið á neinu prófi, hann fékk bara aldrei tækifæri til að sanna sig. „Að hluta til var það vegna Willians og Edens Hazard en einnig af því að Jose Mourinho vildi hafa varnarsinnaðri leikmann á hægri vængnum því Hazard var

á þeim vinstri. Sumarið eftir komu Salah var Cesc Fabregas fenginn til liðsins og þá færðist Oscar á hægri vænginn.

Þegar hann fékk að spila reglulega á Ítalíu varð hann aftur leikmaðurinn sem hann var hjá Basel. Það eru ekki bara mörkin 35 sem hann skoraði í 71 byrjunarliðsleik fyrir Fiorentina og Roma heldur einnig stoðsendingarnar 20 og hraðinn og krafturinn sem hann kemur með, skrifaði Wilson þegar Salah skrifaði undir samninginn við Liverpool.

upp. Ég kom heim um hálf ellefu, borðaði og svaf. Síðan það sama daginn eftir,“ bætti hann við.

Ferðalagið var heldur ekki einfalt. Það gekk ekki bara einn strætó frá heimilinu hans og á æfingasvæðið. Hann þurfti að skipta fimm sinnum áður en hann loks komst á æfinguna. En hann var ákveðinn ungur maður sem vildi verða fótboltamaður. „Ég var 14 ára krakki með draum og ég vissi ekkert hvað myndi gerast. En ég vissi að ég þræði að verða fótboltamaður,“ lét hann hafa eftir sér í aðdraganda landsleiksins við Portúgal í landsleikjavikunni.

Um 16 ára aldurinn fóru hlutirnir að gerast ansi hratt hjá Salah. Hann var búinn að slá í gegn í unglingaliðinu og spilaði sinn fyrsta aðalleik rétt skriðinn yfir 17 ára aldurinn. Aðeins 19 ára spilaði hann sinn fyrsta landsleik, gegn Sierra Leone í september 2011. Fyrsta markíð kom gegn Níger mánuði síðar. Þrátt fyrir ungan aldur var hann valinn til að spila með Egyptum á Ólympíuleikum í London 2012. Þá hafði Basel komið auga á hann og keypt hann. Í London skoraði hann í öllum leikjunum í riðlinum og fleiri lið fóru að taka eftir þessum eldfljóta leikmanni. Meðal annars stuðningsmenn Basel sem voru mjög spenntir að sjá hvað félagið hefði keypt.

En það er ekkert grín að flytja aleinn í nýtt land þegar maður er ungur. „Ég vissi ekkert hvað ég átti að gera. Efir æfingu voru 15 klukkustundir í næstu æfingu svo ég gekk mikið um göturnar. Á hótelinu sem ég bjó á voru engar egypskar stöðvar svo ég hugsaði: Jæja, þá þarf að aðlagast og ég fór á enskunámskeið. Þá lagaðist allt. Ég kláraði reyndar ekki námskeiðið því æfingar og leikir tóku tíma,“ sagði Salah við fótbolta-tímaritið 442.

Salah virðist vera einkar viðkunnanlegur maður því það bera allir honum vel söguna frá Basel og hann sjálfur er enn vinur margra þar á bæ.

Eftir smá bras í byrjun setti Salah í girinn og byrjaði að leggja upp mörk fyrir félagi sína í Evrópu deildinni. Hann var magnaður þegar Basel fór alla leið í undanúrslitin í Evrópu deildinni þar sem liðið beið lægri hlut fyrir Chelsea, sem síðan vann keppnina. Salah þótti sýna góða takta og fór Chelsea að fylgjast betur með honum. Einu og hálfu ári síðar, í janúar 2014, var tilkynnt um kaupin á Salah, fyrir 11 milljónir punda.

En lið Chelsea var ógnarsterkt og ekkert grín að komast í það. Jose Mourinho var jú stjórinn og hann vill frekar stóra og sterka menn en litla og kvika. Svo Salah var lánður til Fiorentina og stóð sig það vel að liðið vildi kaupa hann. En Salah sagði nei takk og fór til Roma.

Á sínu fyrsta tímabili skoraði hann 15 mörk og gaf sex stoðsendingar. Þriðja ágúst 2016 keypti Roma hann og hann var valinn leikmaður ársins. Hlutirnir eru fljótir að breytast í fótbolta og Salah gekk í raðir Liverpool í júní í fyrra. Mörgum fannst hann heldur dýr en allar efasemdaraddir hafa þagnað enda Salah búinn að vera algjörlega stórkostlegur. „Ég vildi alltaf koma aftur til Englands. Það var alltaf markmiðið. Þegar ég var 18 var ég oftast Liverpool í FIFA í Playstation. Ég hafði líka spilað á Anfield og andrúmsloftið og stemningin á vellinum er engu líkt,“ sagði hann í vikunni. Nú vona stuðningsmenn Liverpool að Egyptinn stórkostlegi kunni vel við sig og skipti ekki um lið í fimmta sinn á átta árum.



Góði kallinn Salah

Neitaði lúxusvillu
Í október skaut Salah Egyptalandi á HM. Síðast spiluðu Egyptar á HM á Ítalíu árið 1990. Til að verðlauna Salah fékk hann lúxusvillu frá Mamdouh Abbas, þekktum viðskiptamógúl í Egyptalandi. Samkvæmt vefsíðunni yallakora.com á Salah að hafa sagt nei takk og beðið um að þorpinu sínu yrði frekar gefinn peningurinn.

Borgaði fyrir beinmergsaðgerð
Abdelrahman Mahmoud, frá borginni Tanta, þurfti að fara í

beinmergsaðgerð. Faðir drengsins hafði samband við Salah og bað um að sonurinn fengi að hitta hann. Slíkt var erfitt en Salah talaði við drenginn í síma, segir DMC Sport Channel, og lofaði að kíkja á hann í síðasta landsliðsverkefni. Eftir að hafa kynnst Mahmoud borgaði Salah fyrir aðgerðina.



Það markvörðinn afsökunar
Salah skoraði fernu í 5:0 sigri Liverpool á Watford fyrir skömmu. Salah var kátur að leikslokum en fann til með Orestis Karnezis, markverði Watford, og bað hann afsökunar. Karnezis horfði á Salah og brosti, en mörkin voru vissulega ekki honum að kenna.

Gladdi ungan aðdáanda
Eftir að hafa

skorað bæði mörk Liverpool í 2:2 jafntefli við Tottenham sá Salah ungan dreng með pappaskilti sem á stóð „Mo Salah, can I have your shirt please?“ sem útleggst „Mo Salah, má ég fá treyjuna þína?“ Salah gekk að leik loknum upp að stúkunni og gaf drengnum treyju sína.

Styður við flóttamenn og heimaþorpið
Í þorpinu Najrij þar sem Salah ólst upp hefur hann gert ýmislegt til að hjálpa. Hann setti 450 þúsund dollara í Azhari-stofnunina fyrir

konur, hefur byggt upp verslun og þjónustu sem og að koma að sjúkráhusmálum. Um 400 fjölskyldur, ekkjur, veikir og munaðarlausir fá styrk frá Salah og hans sjóði í hverjum mánuði að sögn bæjarstjórans Maher Shatiya. Þá borgar Salah fyrir fjölmörg brúðkaup og flóttamannabúðir fyrir sýrlenska flóttamenn. Þá hefur hann fjármagnað líkamsræktarstöð og að sjálfsögðu nokkra fótboltavelli. Brúðkaup Salah fór fram í Kaíró en hann eyddi dögnum fyrir og eftir í þorpinu sínu.

tl.is

VivoBook

FRÁ **ASUS**

ASU-E402NAFA154T

HAGKVÆM 14" Á TILBOÐI

TRAUST 14" ASUS FARTÖLVA MEÐ INTEL ÖRGJÖRVA,
FULL HD HÁSKERPUSKJÁ OG SSD DISKI.

49.995

FULLT VERÐ 59.995



64.995

ASU-E502NADM046T

15.6" MEÐ HÁSKERPUSKJÁ

15,6" VIVOBOK FARTÖLVA MEÐ INTEL ÖRGJÖRVA, HRAÐVIRKUM
128GB SSD DISKI OG USB-C TENGI.



89.995

ASU-S410UAE108T

INTEL i3 MEÐ NANOEDGE

GLÆSILEGA HÖNNUÐ 14" ASUS VIVOBOK MEÐ ÞUNNUM NANOEDGE
SKJÁRAMMA SEM GERIR FARTÖLVUNA SÉRSTAKLEGA NETTA.
INTEL i3, 8GB VINNSLUMINNI OG SSD DISKUR.



169.995

ASU-S510UAB0435T

FJÖGURRA KJARNA INTEL i7

KRAFTMIKIL VINNSLA Í NETTRI 15,6" FARTÖLVU. INTEL i7
QUAD CORE ÖRGJÖRVI, STÓR 512GB SSD OG PLÁSS TIL
ÞESS AD BÆTA VIÐ AUKADISKI.

**SKOÐAÐU VIVOBOK OG FARTÖLVUÚRVAL
TÖLVULISTANS Í NETVERSLUN OKKAR Á TL.IS**

**TÖLVU
LISTINN**

REYKJAVÍK
SUÐURLANDSBRAUT 26

AKUREYRI
GLERÁRTORG

HÚSAVÍK
GARÐARSBRAUT 18A

EGILSSTAÐIR
KAUPVANGI 6

REYKJANESBÆR
HAFNARGÖTU 90

SELFÖSS
AUSTURVEGI 34

AKRANES
ÞJÓÐBRAUT 1

Saga til næsta bæjar



Stefán Pálsson skrifar um mesta fólk bókmenntasögunnar.

Nicolas Sarkozy hefur átt betri daga. Frakklandsforsetinn fyrrverandi var á dögunum handtekinn og færður til yfirheyrslu. Fáheyrnt er að fyrrverandi forsetar fái slíka meðhöndlun hjá frönsku lögreglunni, en tilefnið er rökstuddur grunur um að Sarkozy hafi tekið á móti ölöglegum framlögum í kosningasjóði sína fyrir forsetakosningarnar 2007, meðal annars frá stjórnvöldum í Líbíu.


Það hafa skipst á skin og skúrir á stjórnmálaferli Sarkozy. Hann komst ungur til metorða, fyrst sem borgarstjóri í heimabæ sínum og síðar sem ráðherra. Fyrir forsetakosningarnar 1995 veðjaði hann á rangan hest og studdi forsætisráðherrann Édouard Balladur á móti sínum gamla læriföður Jacques Chirac. Skoðanakannanir sýndu Balladur með mikið forskot og ákvað Sarkozy að stökkva á vagninn. Chirac náði hins vegar að snúa tafllinu sér í vil, vann kosningarnar og Sarkozy féll í ónád.

Árið 1999 var Sarkozy gerður að leiðtoga flokks Gaullista, RPR, eftir að forveri hans hrökklaðist úr embætti. Sú valdaseta varð skammvinn. Fáeinum mánuðum síðar voru Evrópuþingskosningar í Frakklandi, þar sem RPR beið afhroð og missti helming fylgis síns. Það var meira en flokksmenn þoldu og Sarkozy þurfti að stíga til hliðar.

Fyrir þessa snautlegu formannstíð sína hlaut Sarkozy verðlaun – þótt ekki teljist sú viðurkenning eftirsóknarverð. Hann hlaut nefnilega Fláráðs-verðlaunin eða Prix Iznogoud. Það eru verðlaun sem veitt voru árlega frá 1992 og eitthvað inn á 21. öldina. Um er að ræða háðungarverðlaun fyrir þá sem reitt hafa hátt til höggs en mistekist hrapallega. Langflestir verðlaunahafar eru stjórnmálamenn sem beðið hafa lægri hlut í kosningum eða neyðst til að segja af sér. Sum árin hafa þau þó verið veitt í fleiri flokkum, svo sem á sviði íþróttar og viðskipta. Árið 2003 var meira að segja bætt við alþjóðlegum flokki, þar sem George W. Bush varð fyrsti og eini útlandingurinn til að hljóta verðlaunin, fyrir Íraksstríðið sama ár.

Prix Iznogoud draga nafn sitt af myndasögupersónu þeirri sem á íslensku nefnist Fláráður stórvesir. Tengingin er augljós. Stórvesirinn Fláráður á þann draum heitastan

ad ryðja kalífanum Harúni milda úr sessi og gerast sjálfur kalífi í Bagdad í óskilgreindri fortíð. Í hverri sögu upphugsar Fláráður valdaránsáætlun, sem einatt misheppnast. Upphröpunin: „Ég vil verða kalífi í staðinn fyrir kalífan.“ hefur því öðlast þegnrétt í frönsku nútímamáli þegar gantast er með ofmetnað og valdagræðgi fólks.



Í staðinn fyrir kalífan

Íslendingar fengu sinn skerf af Fláráði á árunum 1978-80 þegar Íðunn gaf út fjórar Fláráðs-bækur í frábærri þýðingu Jóns Gunnarssonar. Enn er þó talsvert óútgefið, því á frummálinu hafa komið út 30 bækur. Af þeim eru 27 úr penna teiknarans Jean Tabary, en þrjár þær nýjustu eru teiknaðar af börnum listamannsins sem vilja halda lífi í mjólkurkúnni. Flestum ber þó saman um að fyrstu fjórtán bækurnar í ritröðinni beri af. Þær voru nefnilega samvinnuverkefni Tabary og höfundarins Goscinnny, eins mesta snillings sem myndasöguheimurinn hefur alið.

Frakki á faraldsfæti

Réne Goscinnny fæddist í París árið 1926, sonur pólskra gyðinga sem flust höfðu til Frakklands eftir fyrri heimsstyrjöldina. Hann var ekki nema tveggja ára gamall þegar fjölskyldan tók sig upp og flutti til Argentínu, þar sem faðirinn fékk vinnu sem efna-verkfræðingur. Þar ólst René litli upp sem hluti af franska samfélaginu í Buenos Aires, talaði frönsku, drakk í sig franska sögu og menningu og dundaði sér við að teikna. Teiknikunnáttan skilaði honum starfi á auglýsingastofu.

Eftir skyndilegt fráfall föðurins fluttu René og móðir hans til Bandaríkjanna þar sem hann fékk vinnu við þýðingar. Til að losna við að vera kvaddur í bandaríska herinn hélt Goscinnny heim til Frakklands og gegndi þar herþjónustu árið 1946.

Yfirmennirnir í hernum komust á snöðir um að hann væri slyngur teiknari og fólu honum að sinna ýmsum slíkum verkefnum fyrir herinn. Meðan á dvölinni í Frakklandi stóð myndskreytti hann jafnframt sína fyrstu bók sem kom út á árinu 1947. Fátt bendir þó til þess að Goscinnny hafi á þessum tíma litið á teikningu eða myndasögugerð sem framtíðarstarfsvettvang.

Goscinnny sneri aftur til New York eftir að hafa aflánað herþjónustu, en hafði ekki að miklu að hverfa. Í blankheitum sínum og atvinnuleysi komst hann í kynni við nokkra bandaríska teiknara, sem síðar áttu eftir að verða frægir fyrir störf sín hjá skopblaðinu MAD Magazine. Í gegnum þann kunningskap kynntist hann svo ungum belgískum teiknumum sem kölluðu sig Jijé og Morris.

Þeir Jijé og Morris höfðu haldið til Bandaríkjanna ásamt Franquin félaga sínum með tvær hendur tómar í veikri von um að fá vinnu hjá Walt Disney-fyrirtækinu og til að komast á kúrekaslóðir í villta vestrinu. Enga fundu þeir kúrekana og vinnuna fengu þeir ekki, en hið vanhugsaða ferðalag átti þó eftir að valda straumhvörfum í þróun evrópsku myndasögunnar.

Eflaust áttu kynnin af belgísku teiknurinum sinn þátt í því að Goscinnny féllst nokkrum misserum síðar á að flytja til Parísar til að taka við starfi útíbússtjóra alþjóðlegrar fréttastofu. Fréttamennskuferillinn reyndist stuttur, því fljótlega var Goscinnny kominn

á kaf í að semja sögur og skrifa efni fyrir myndasöguþróun, en mikil gróska var í slíkri útgáfu á franska málsvæðinu: Frakklandi og Belgíu.

Það urðu fagnaðarfundir með þeim Goscinnny og Morris þegar til Evrópu var komið. Þegar árið 1946 hafði Morris, þá kornungur, skapað myndasöguhetjuna Lukku-Láka, hugprúðan kúreka með nánast yfirnáttúrulega skotfimi. Hafði kúrekadellann sem fyrr sagði ráðið miklu um Ameríkufer þeirra vinanna.

Lukku-Láki naut vinsælda meðal ungra frönskumælandi lesenda, en sögurnar voru grunnar og gengu einkum út á hasar, ærsl og fimmaura-brandara. Styrkleikar Morris lágu miklu fremur í að teikna en að semja sögur, líkt og hann gerði sér fullvel grein fyrir.

Það var því mikið heillaspor þegar Goscinnny og Morris hófu samstarf árið 1955. Morris teiknaði en Goscinnny samdi handritin. Sögurnar urðu betri og heilsteypari, auk þess sem nýi höfundurinn var lunkinn í að þrjóna sögulega atburði inn í fléttuna og skapa góðar aukapersónur. Almennt er litið svo á að Lukku-Lákabækurnar sem félagarnir unnu í sameiningu beri af í bókaflökknum.

Sama ár hóf Goscinnny að semja fyrir Franquin, sem kunnastur er sem höfundur Svals og Vals. Saman gerðu þeir vinsælar sögur um kærustuparið Modeste og Pompon, sem þó hafa aldrei komið út á íslensku.

Valdagirugt afstyrmi

Árið 1958 kynntist Goscinnny teiknarann Albert Uderzo og saman sköpuðu þeir sögur um hugdjarfa indíánanann Oumpah-pah, sem gerðust í Norður-Ameríku á átjándu öld. Eins og það væri ekki nóg, sköpu þeir annan sagnaheim – að þessu sinni í Evrópu á tímum Rómaveldis. Sögurnar um Ástrík gallvaska urðu heimsfrægar og munu halda nafni þeirra Uderzo og Goscinnny á lofti um ókomna tíð.

Afköst Goscinnny á þessum árum voru með hreinum ólíkindum. Auk þeirra sagnaflokka sem þegar hafa verið nefndir, samdi hann handritin að nokkrum minna þekktum myndasögum. Þá hóf hann að rita vinsælar barnabækur um „Le Petit Nicolas“ eða „Lása litla“ eins og þær nefndust í íslenskri útgáfu. Eru þá ótalin ritstjórnarstörf hans við hin ýmsu myndasöguþróun og tímarit ætluð börnum og ungmennum. Vinnuharkan tók sinn toll og árið 1977 fékk Goscinnny óvænt hjartaáfall og dó aðeins 51 árs aldri.

Unnendur Lukku-Láka og Ástriks syrgðu hann mjög, enda má segja að sagnaflokkarnir hafi aldrei borið sitt barr eftir fráfall meistarans. Og það sama má segja um Fláráðsbækurnar, sem heita á að þessi pistill fjalli um.

Goscinnny naut þess að skjóta sagnfræðilegum visunum inn í myndasögur, líkt og sannast hafði í fyrri sagnaflokkum hans. Það var því rökrétt að hann tæki höndum saman við franska teiknarann Jean Tabary um að skapa sagnaheim í anda ævintýranna í 1001 nótt, með fljögandi teppum, öndum í löppum, kvennabúrum, ræningjaflokkum og öðrum sagnaminnum Mið austurlanda.

Upphaflega voru sögurnar kenndar við hinn hrekklause kalífa Harún hinn milda. Fljótlega kom þó í ljós að fúlmennið Fláráður reyndist slíkur senubjófur að nafn Harúns hvarf af forsiðunni. Var það afar óvenjulegt í fransk/belgísku myndasöguhefðinni að kenna bækur við andhetju og að skúrurinn væri í raun í aðalhlutverki.

Sögurnar höfðu talsverðan pólitískan undirtón, enda Tabary gallharður sósíalisti og virkur félagi í einum af smáflokkum kommúnista í Frakklandi. Visanir í frönsk stjórnmál og ekki síður pólitíska atburði í Mið-austurlöndum er víða að finna í sögunum, þótt margt af því sé óskiljanlegt í dag án útskýringa. Undirliggjandi er þó ætíð gagnrýni á valdabrölt og valdagræðgi. Og hætt er við að þeir Tabary og Goscinnny hefðu skemmt sér dável yfir tilhugsuninni um Sarkozy í gæsluvarðhaldi ef þeim hefði enst aldur til.

Bros auglýsingavörur með þínu merki

Skoðaðu litríkt úrval á **bros.is**

Bros auglýsingavörur,
Norðlingabraut 14.

BROS
AUGLÝSINGAVÖRUR
– með þínu merki



LAUGARDAGUR 31. MARS 2018

Helgin



Á páskadagsmorgun hefur skapast sú skemmtilega hefð í Hallgrímskirkju að leita páskaeggja. Þar verður hátíðarmessa á sama tíma og undurfagur söngur Mótettukórsins. ➔6

Fermingarkjöllinn frá ömmu

Þegar kom að því að kaupa fermingarkjöllinn á elsta barnabarnið ákvað Hanna Sesselja Hálfðanardóttir að létta undir með syni sínum og tengdadóttur og taka að sér að kaupa fermingarfötin á þetta barn og þau sem á eftir kæmu. Atvikin höguðu því þannig að allar sex systurnar fermdust síðan í sama kjól. ➔2

Hanna Sesselja Hálfðanardóttir, alnafna ömmu sinnar, fermd árið 1999. MYND/BJARNI JÓNSSON

HÖNNUN
GÆÐI
ÞÆGINDI

SÓFADÖGUM LÝKUR Á LAUGARDAG
20-40% AFSL. ÁE ÖLLUM SÓFUM

OPNUNARTÍMI:
FIM - LOKAÐ
FÖS - LOKAÐ
LAU - 11-17
SUN - LOKAÐ
MÁN - LOKAÐ

RODEO SOFI 277CM
TILBOÐSVERÐ 176.000,-

MEERT HILLUR

50 CM HILLA - 2.900,-
100 CM HILLA - 3.900,-

SNAGI 2.500,-

habitat

TEKK
COMPANY

TEKK COMPANY OG HABITAT | SKÓGARLIND 2, KÓPAVOGI | SÍMI 564 4400 |
OPIÐ MÁN-FÖS 10-18 | LAU 11-17 OG SUN 13-17 | VEFVERSLUN Á WWW.TEKK.IS

Brynhildur Björnsdóttir
brynhildur@frettabladid.is



Þegar kom að því að kaupa fermingarföt á elstu dótturina þá kom mamma til mín og sagðist vilja borga fyrir fermingarfötin,“ segir Hálfðan Þórir Markússon en hann og kona hans, Sóley Indriðadóttir, eiga sjö börn. „Hún tók það líka fram að hún vildi að það yrði hennar verkefni við fermingu allra barna-barnanna. Þetta var árið 1999 og börnin okkar Sóleyjar orðin fimm að tölu, allt stelpur. Sóley, mamma og elsta dóttirin Hanna Sesselja, alnafna mömmu, fóru síðan saman að skoða fermingarkjóra og fundu þennan fina kjól í versluninni Flash á Laugaveg-

inum. Hanna segir að amma sín hafi fundið kjólinn á rekknum en þær hafi allar verið sammála um valið.“ Síðar sama ár gripu örlögin í taumana og Hanna Sesselja, móðir Hálfðans, féll skyndilega frá, aðeins sextíu og eins árs að aldri. Þremur árum síðar var svo aftur komið að fermingu. „Þegar kom að fermingu Báru Fanneyjar, sem er næstelst og fermdist 2002, gerðum við foreldrarnir ráð fyrir að leggja út fyrir nýjum kjól. Þegar nálgadist ferminguna lagði mamma hennar til að þær færu í bæinn að skoða kjóra en fékk þá óvænt viðbrögð. Bára Fanney var fyrir löngu búin að ákveða að hún ætlaði að fermast í kjólnum, sem amma hennar keypti, að okkur og eldri systur sinni forspurðum. Þessi möguleiki hafði



Bára Fanney, fermd árið 2002.
MYND/BJARNI JÓNSSON



Árný Þóra, fermd árið 2006.
MYND/BJARNI JÓNSSON



Margrét Rósa, fermd 2008.
MYND/BJARNI JÓNSSON

STYRKUR TIL TÓNLISTARNÁMS

Minningarsjóður um Jean-Pierre Jacquillat, fyrrum aðalstjórnanda Sinfóníuhljómsveitar Íslands, mun á þessu ári veita efnilegum tónlistarmanni styrk til framhaldsnáms erlendis á skólaárinu 2018-2019.

Veittur er einn styrkur að upphæð 1.500.000 kr.

Umsóknir, með upplýsingum um námsferil og framtíðaráform, sendist fyrir 1. maí nk. til formanns sjóðsins:

Minningarsjóður um Jean-Pierre Jacquillat
Pósthólf 35, 121 Reykjavík

Umsóknum fylgi hljóðritanir, raddskrár frumsaminnar verka eða önnur gögn sem sýna hæfni umsækjenda.

FYRRUM STYRKÞEGAR

2017 Sólvi Kolbeinsson -saxófón	2004 Víkingur Heiðar Ólafsson-píanó
2016 Baldvin Oddson-trompet	2003 Birna Helgadóttir-píanó
2015 Rannveig Marta Sarc-fiðla	2002 Lára Bryndis Eggertsdóttir-orgel
2014 Sólveig Thoroddsen-harpa	2001 Pálína Árnadóttir-fiðla
2013 Hulda Jónsdóttir-fiðla	2000 Hrafnkell Orri Egilsson-selló
2012 Benedikt Kristjánsson-söngur	1999 Una Sveinbjarnardóttir-fiðla
2011 Matthias I. Sigurðsson-klarinett	1998 Árni Heimir Ingólfsson-píanó/tónv.
2010 Gunnhildur Daðadóttir-fiðla	1997 Þórunn Magnússon-tónsmíðar
2009 Helga Þóra Björgvinsdóttir-fiðla	1996 Ingibjörg Guðjónsdóttir-söngur
2008 Jóhann Nardeau-trompet	1995 Sigurbjörn Bernharðsson-fiðla
2007 Melkorka Ólafsdóttir-flauta	1994 Guðni A. Emilsson-hljómsveitarstj.
2006 Elfa Rún Kristinsdóttir-fiðla	1993 Tómas Tómasson-söngur
2005 Ögmundur Þór Jóhannesson-gítar	1992 Þóra Einarsdóttir-söng

www.minningarsjodur-jpj.is

Þegar litið er til baka má segja að mamma hafi staðið við það sem hún ætlaði sér, það er að leggja til fermingarföt á börnin okkar.

Hálfðan Þórir Markússon



Sylvía Rún, fermd 2012. MYND/RUT

ekki komið upp í huga okkar foreldranna og hugmyndin og ákvörðunin var algerlega hennar,“ segir Hálfðan. Og systurnar voru samstiga. Sú þriðja í röðinni, Árný Þóra, fermdist árið 2006, Margrét Rósa fermdist 2008 og Sylvía Rún fermdist 2012. Þær völdu allar að fermast í kjólnum sem amma þeirra keypti.

Eftir andlát Hönnu Sesselju bættust tvö börn í hópinn, Róbert Ingi, eini strákurinn, fæddur árið 2000 og Dagbjört Gyða, fædd árið 2004. Róbert Ingi fermdist 2014. „Hann braut hefðina og við foreldrarnir þurftum að leggja út fyrir fermingarfötum á hann,“ segir Hálfðan kíminn. Síðast-liðinn pálmásunnudag fermdist svo yngsta dóttirin, Dagbjört Gyða, og hún valdi eins og systur hennar að fermast í kjólnum. „Nú hafa allar dætur okkar sex að tölu fermst í kjólnum sem var keyptur fyrir níttán árum og í öllum tilfellum var þetta þeirra val,“ segir Hálfðan. „Þeim fannst meira spennandi að fermast í kjól sem hafði svona sterka tengingu við ömmu þeirra og fjölskylduhefðina heldur en að velja sér sinn eigin kjól. Að okkar mati hefur kjóllinn alltaf staðist samanburð við aðra fermingarkjóra, þrátt fyrir tisku-sveiflur og nýtt fermingarbarn. Þegar litið er til baka má segja að mamma hafi staðið við það sem hún ætlaði sér, það er að leggja til fermingarföt á börnin okkar.“ Þess



Fjölskyldan saman við fermingu yngstu dótturinnar, Dagbjartar Gyðu, á pálmásunnudag og Dagbjört er að sjálfsgöðu í kjólnum. Efri röð frá vinstri: Margrét Rósa, Sóley, Róbert Ingi, Hálfðan Þórir, Hanna Sesselja, Neðri röð frá vinstri: Sylvía Rún, Dagbjört Gyða, Árný Þóra og Bára Fanney. MYND/RUT

má líka geta að önnur tenging við ömmuna er fyrir hendi. „Börnin fermdust öll í Viðistaðakirkju þar sem amma þeirra var mjög virk í starfi Systrafélags kirkjunnar enda er kirkjan kölluð ömmukirkja af okkar börnum.“ Hálfðani og Sóleyju þykir vænt um hvernig kjólamálin hafa þróast. „Fyrirfram hefði maður búist við því að það að kaupa fermingarföt á sex

stelpur yrði flóknara en á einn strák, en þökk sé mömmu þá var það öfugt í okkar tilfelli.“ Nú er yngsta dóttirin fermd, en hvað skyldi þá verða um kjólinn? „Það eru komin þrjú barnabörn og þar af tvær stelpur,“ segir Hálfðan og bætir við: „Við reynum að varðveita kjólinn þannig að þær hafi val þegar kemur að því að þær vanti fermingarkjól.“

FYRIR ÞARMAFLÓRUNA!



Það eru ekki allir mjólkursýrugerlar eins.

Probi Mage LP299V® (*Lactobacillus plantarum* 299v) er söluhæsti mjólkursýrugerillinn í Svíþjóð og hefur fengið frábærar móttökur á Íslandi! 1 hluki á dag.

Finndu muninn með Probi Mage LP299V®.

Fæst í velflestum apótekum og heilsuverslunum um land allt.



Eplaedik er heilsubætandi „elixír“ í töfluformi

Eplaedik hefur verið notað sem heilsubótarefni í aldaðir, bæði sem forvörn sem og vegna læknandi eiginleika. Nú er það komið í töfluformi sem eru góðar fréttir, sérstaklega fyrir tennurnar.

Flestir hafa heyrt um eplaedik og ýmsa kosti þess að nota sér það til heilsubótar. Síðan 1970 hefur það verið kynnt og selt sem heilsubætandi „elixír“ þó svo að ekki liggi klínískar rannsóknir þar að baki, frekar en á ýmsum öðrum matvælum sem eru þó klárlega vel til þess fallin að auka hreysti og vellíðan. Sagt er að eplaedikið geti hjálpað til við þyngdar-tap, jafni blóðsykurinn og að sýran geti einnig dregið og komið í veg fyrir að bakteríur í líkamanum nái að fjölga sér.

Melting og matarlyst

Neysla eplaediks hefur afar jákvæð áhrif á meltinguna og hjálpar það til við að örva framleiðslu á magsýrum sem er mikilvægt fyrir góða meltingu. Einnig er talað um að það hafi áhrif á matarlyst en þar sem ávallt skal drekka vel af vatni með því, gæti það hugsanlega haft áhrif. Það er þó vel þekkt að edikssýra í t.d. salatsósum hafi jákvæð áhrif á meltinguna og hugsanlega á matarlystina líka, segir á Vísindavef HÍ.

Brjóstsviði og bjúgur

Þrátt fyrir að eplaedikið sé súrt á bragðið veldur það ekki því að t.d. brjóstsviði aukist. Það virkar akkúrat öfugt og getur því verið þjóðráð að taka eplaedik (eða sitrónusafa) í vatni fyrst á morgnana og fyrir mat og draga þannig



Regluleg inntaka á eplaediki er góð fyrir sýrustig líkamans og getur dregið úr bjúgsöfnun. Neysla á eplaediki er gamalt húsráð sem flestir kannast við. Töflurnar eru góðar fréttir fyrir þá sem finnst súra ediksbragðið vont.



úr líkum á – eða jafnvel losna við brjóstsviða. Regluleg inntaka á eplaediki er góð fyrir sýrustig líkamans og getur dregið úr bjúgsöfnun. Margir hafa of hátt sýrustig í líkamanum sem getur verið tilkomið vegna lifnaðarháttar (streita og mataræði) og veldur það ýmiss konar kvillum. Ójafnvægi verður

í þarmaflórunni sem getur valdið húðvandamálum og ónæmiskerfið okkar sem einnig er staðsett í þörmum og beintengt þarmaflórunni verður fyrir röskun. Að lokum skal nefna að eplaedikið, þessi „lífsins elixír“, getur dregið verulega úr slímmyndun og styrkt virkni liffæra eins og þvagblöðru, lifrar og nýrna.

Allra meina bót?

Eins og áður kom fram, þá hefur eplaedik verið notað til heilsubótar í aldaðir og margt hljómar örliðið eins og þetta sé allra meina bót fyrir alla. Það er þó ekki alveg þannig en það virkar klárlega fyrir suma. Í grein sem birt var í Medscape General Medicine 2006 er talað um að neysla á því geti hjálpað til við að lækka blóðþrýsting og blóðsykur og einnig að þrátt fyrir sýruna, geri það líkamann ekki súrari. Þó eru ákveðnir þættir sem þarf að varast og alltaf best að skoða málin vel og jafnvel ráðfæra sig við lækni áður en regluleg neysla hefst. Þeir sem ætla að

Inntaka á eplaedikstöflunum er ekki bara góðar fréttir fyrir þá sem eiga erfitt með að taka það á vökvaformi vegna bragðs, heldur líka fyrir tennurnar.

Hrönn Hjálmarasdóttir, næringar- og heilsumarkþjálfari

taka eplaedik inn í vökvaformi alla daga þurfa líka að huga vel að tönnum því það er ekki gott að mikil sýra sé í munnum lengi.

Eplaedik í töfluformi

Mörgum líkar ekki við bragðið af eplaedikinu og sleppa því þess vegna. Apple Cider töflurnar frá New Nordic eru því kærkomnar fyrir marga en þær eru öflugar og auk 1000 mg af eplaediksdufti, innihalda þær önnur jurtaefni sem

hjelpa til við niðurbrot á fitu og styðja við lifrarstarfsemi.

Þessi efni eru:

- Ætíþistill – eflir meltingu, styður lifrarstarfsemi og eðlilegt niðurbrot á fitu.
- Tünfifill – eflir meltingu, styður lifrarstarfsemi og eðlilegt niðurbrot á fitu.
- Kólin – eflir meltingu, styður lifrarstarfsemi og eðlilegt niðurbrot á fitu ásamt því að ýta undir fitubrennslu.

Svo innhalda þær króm sem hjálpar til við blóðsykursjafnvægi og slær þannig á sykurlöngun.

Inntaka á eplaedikstöflunum eru ekki bara góðar fréttir fyrir þá sem eiga erfitt með að taka það inn í vökvaformi vegna bragðs, heldur líka fyrir tennurnar. Ekkert bragð og engin sýra sem liggur á tönnum og veldur skaða.

Fæst í flestum apótekum, heilsumúsum, Iceland, Hagkaup og Fræinu, Fjarðarkaupum.

Hin fullkomna þrenna gegn fjölþættum meltingarvandamálum



Grænn og vænn smoothie daglega!
Vel samsett boost getur verið uppfyllt af næringarefnum sem auka orkuna, jafna blóðsykurinn og örvar meltinguna.



ENZYMEDICA®

Digest Gold – Tvær vörur í einni

- Gegn fjölþættum meltingarvandamálum.
- Inniheldur ATPPro sem styður meltingu og eykur orku.
- Söluhæsta meltingarvaran í Bandaríkjunum.
- Tekið rétt fyrir máltíð.



Bio-Kult®

Öflugir gerlar sem styrkja meltinguna
7 gerlastofnar sem hjálpa við að byggja upp og koma jafnvægi á þarmaflóruna, bakteríudrepandi hvítlaukur sem er einnig öflugur fyrir ónæmiskerfið og þykkni úr fræjum greipaldins sem vinnur gegn fjölmörgum bakteríutegundum, veirum og sveppum.



Hefur jákvæð áhrif á heilann

Bacopa eða brahmi jurtin hefur um árhundruð verið notuð í Ayurveda hefðinni eða indversku læknisfræðinni.

Bacopa frá Solaray hefur ótrúlega viðtæka virkni en bæði rannsóknir og reynsla benda til þess að hún geti gagnast við mörgum algengum vandamálum.

Fyrir minnið

Bacopa er sennilega best þekkt fyrir jákvæð áhrif á heilastarfsemi. Rannsóknir hafa sýnt fram á að hún geti eftir minni og hefur hún því mikið verið notuð bæði við minnistapi og af heilbrigðum einstaklingum sem vilja efla minnið, til dæmis á álagstímum í vinnu og námi.

Betri einbeiting

Margir nota jurtina til að bæta einbeitingu og margir hafa notað hana með góðum árangri til að draga úr einkennum athyglisbrests og ADHD.

Fyrir geðið

Algengt er að nota Bacopa við vægum einkennum kvíða og dep-

urðar og hafa margir góða reynslu af henni til að bæta geðheilsuna.

Gegn streitu


„Bacopa er ein af þeim jurtum sem kallaðar eru adaptógenískar (adaptogenic) sem þýða má sem jafnandi eða aðlagandi í þeirri merkingu að hún er talin stuðla að jafnvægi og hjálpa líkamanum að aðlagast og takast á við streitu. Það er væntanlega vegna þessara eiginleika sem hún getur haft áhrif á svo margt,“ segir Ösp Viðarsdóttir næringarþerapisti.

Mild jurt en öflug

Bacopa er mild en áhrifarík jurt. Hún hefur engar aukaverkanir en auðvitað er ráðlegt að spyrja lækni um inntöku ef þú tekur einhver lyf.

„Best er að gefa Bacopa tíma til að virka, ekki afskrifa hana þó þú finnur ekki mun eftir nokkra daga. Rannsóknir benda til þess að full virkni komi ekki fram fyrr en eftir 8-12 vikna inntöku,“ segir Ösp enn fremur og bætir við. „Óhætt er að hætta inntöku hvenær sem er, Bacopa er ekkert sem heilinn eða líkaminn verður háður á neinn hátt. Hún virkar bara meðan þú tekur hana.“

Bacopa fæst í Heilsuhúsinu, Heilsuveri og í verslunum Lyfju.



Ösp Viðarsdóttir næringarþerapisti mælir með Bacopa.

Nýr valmöguleiki frá Weber

Weber Pulse 2000 rafmagnsgrill

- Innbyggt iGrill tækni -
- Weber iGrill-app -
- Stafrænn hitamælir -
- Hrein orka -
- Fullkomið á svalirnar -

Gæði • ending • ánægja
weber.is



MOSFELLSBÆR

Mosfellsbær leitar að öflugum einstaklingum til starfa í LÁGAFELLS- og VARMÁRSKÓLA



Laus störf í Varmáarskóla skólaárið 2018-2019

Varmáarskóli er heildstæður grunnskóli sem vinnur í anda uppbyggingarstefnunnar. Skólastarfið er í þremur byggingum, yngri deild, eldri deild og Brúarlandi. Varmáarskóli leggur upp með gildi Mosfellsbæjar sem eru virðing, jákvæðni, framsækni og umhyggja. Skólinn er staðsettur í náttúruparadís og lögð er áhersla á nýtingu umhverfis í námi nemenda.

Kennarar óskast í eftirtalin störf:

Grunnskólakennararéttindi áskilin.

- **Sérkennara á unglingastig** – Þekking eða diplóma í sérkennslufræðum
- **Kennara á unglingastig** – kennslugreinar eru meðal annara: íslenska, stærðfræði, enska, náttúrufræði, heimilisfræði
- **Nýbúakennara** – menntun og/eða reynsla í íslensku sem annað tungumál
- **Umsjónarkennara** á yngsta og miðstig
- **Umsjónarkennara í Brúarlandi** – nýr Helgafellsskóli
- **Verkgreinakennara í Brúarlandi**
- **Leiðtoga í upplýsingatækni** og þróun nýrra kennsluhátta

Einnig verður ráðið í eftirtalin störf:

- **Aðstoðarforstöðumann frístundasels**
- **Þroskaþjálfari í unglingadeild** (í 80-100% starf)
- **Atferlisfræðing** eða aðila með reynslu/þekkingu í atferlismótun (í 70-100% starf)
- **Skólaliða** í fullt starf í eldri deild (aðstoð og gangavarsla)
- **Stuðningsfulltrúa** (í 70-100% starf)
- **Frístundaleiðbeinendur** (í 30-50% starf)

Frekari upplýsingar um störfina má finna á www.mos.is og á www.varmarskoli.is.

Upplýsingar veita Þórunna Rósa Ólafsdóttir skólastýra í síma **525 0700** og **899 8465** eða Þórhildur Elfarsdóttir skólastjóri unglingastigs í síma **863 3297**. Umsóknir sendist rafrænt á netfangið thorhildur@varmarskoli.is eða thorhildur@varmarskoli.is.

Laus störf í Lágafellsskóla skólaárið 2018-2019

Má bjóða þér að taka þátt í metnaðarfullu skólastarfi? Viltu vera hluti af góðum og öflugum starfsmannahópi sem vinnur saman að því að mæta ólíkum einstaklingum í krefjandi verkefnum? Lágafellsskóli í Mosfellsbæ er heildstæður grunnskóli sem vinnur í anda uppbyggingarstefnunnar. Starfsemi skólans fer fram í tveimur byggingum þar sem 1. - 2. bekkur er staðsettur í útibúi skólans, Höfðabergi, ásamt 5 ára leikskóladeildum.

Kennarar óskast í eftirtalin störf:

Grunnskólakennararéttindi áskilin.

- **Umsjónarkennsla á yngsta stig** (í 80% tímabundna stöðu)
- **Umsjónarkennsla á miðstig**, (í 80-100% framtíðarstöðu)
- **Dönskukennsla á unglingastig** (í 50% framtíðarstöðu)
- **Tónmenntakennsla** (í 100% framtíðarstöðu)
- **Smíðakennsla** (í 100% framtíðarstöðu)

Frekari upplýsingar um störfina má finna á www.mos.is og www.lagafellsskoli.is.

Upplýsingar veitir Jóhanna Magnúsdóttir skólastjóri í síma **525 9200** og **896 8230**. Umsóknir sendist rafrænt á netfangið johannam@lagafellsskoli.is.



Laun eru samkvæmt kjarasamningi sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags. Umsóknarfrestur um stöðurnar er til **15. apríl 2018**. Frekari upplýsingar veita skólastjórar skólanna. Umsóknir með upplýsingum um menntun, starfsreynslu og umsagnaradila skulu sendar rafrænt að ofangreind netföng. Við hvetjum fólk af báðum kynjum til að sækja um starfið.



VIRÐING



JÁKVÆÐNI



FRAMSÆKNI



UMHYGGJA

Þverholt 2 | Mosfellsbær 270 | Sími 525 6700 | mos.is

Ný tækifæri,
nýjar áskoranir!

www.hagvangur.is



 **HAGVANGUR**



HS VEITUR

Rafvirkjar á starfsstöð okkar í Reykjanesbæ

Starfssvið

Starfið felur í sér viðhald og rekstur dreifikerfis, nýlagnir, tengingar og uppsetningu búnaðar

Hæfniskröfur

- Við leitum að hæfileikaríkum einstaklingum til að vinna í frábærum hópi rafiðnaðarmanna þar sem mikil tækifæri eru til að þróast í starfi
- Áhersla er lögð á fagleg og sjálfstæð vinnubrögð, samskiptahæfni, þjónustulund og brennandi áhuga á tæknimálum
- Viðkomandi þarf að vera reiðubúinn að ganga bakvaktir sé þess óskað
- Sveinspróf í rafvirkjun er nauðsyn, tekið verður tillit til þess ef viðkomandi er að ljúka sveinsprófi

Nánari upplýsingar veitir Ragnheiður Eyjólfsdóttir mannauðsstjóri í síma 422 5200

Sótt er um störf in á heimasíðu HS Veitna, hsveitur.is Umsóknarfrestur er til og með 15. apríl 2018



hsveitur.is



EAK óskar eftir meiraprófsbílstjórum

EAK óskar eftir meiraprófsbílstjórum til starfa hjá fyrirtækinu í sumar. Starfið felst í afgreiðslu á flugvélaeldsneyti. Unnið er á vöktum 5-5-4

Hæfniskröfur.

- Meirapróf er skilyrði.
- Hreint sakavottorð er skilyrði.
- Stundvísi.
- Æskilegt að viðkomandi sé reyklus.

Upplýsingar veitir Melkorka Sigurðardóttir í netfang: melkorka@eak.is

EAK er fyrirtæki sem tekur á móti, geymir og afgreiðir flugvélaeldsneyti á Keflavíkurflugvelli fyrir olíufélögin. Starfsstöð er á Keflavíkurflugvelli en þar starfa á vegum fyrirtækisins 50 starfsmenn.



EAK ehf.

Aviation Fuel Service– Keflavík Airport Iceland



Starfatorg.is

Laus störf hjá ríkinu og upplýsingar um málefni ríkisstarfsmanna

Starf	Stofnun	Staður	Nr. á vef
Starfsmaður í eldhúsi	Heilbrigðisstofnun Vestfjarða	Ísafjörður	201803/679
Yfirmatráður	Heilbrigðisstofnun Vestfjarða	Ísafjörður	201803/678
Deildarstjóri á Næringarstofu	LSH Skrifstofa skurðlækningasviðs	Reykjavík	201803/677
Starfmaður á næturvaktir	LSH Síma-ver	Reykjavík	201803/676
Forstöðum.Rannsóknaseturs	Háskóli Íslands	Austurland	201803/675
Skrifstofum. á lager á skurðst.	LSH Skurðstofur	Reykjavík	201803/674
Læknanemi, sumarstarf	HH Göngudeild sóttvarna	Reykjavík	201803/673
Rannsóknarm. í efnagreiningart.	Háskóli Íslands, Kerfislíffræðisetur	Reykjavík	201803/672
Hjúkrunarfr., hjúkrunarnemi	Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins	Reykjavík	201803/671
Heilbrigðisstarfsmaður	LSH Erfða- og sameindalæknisfræðideild	Reykjavík	201803/670
Sérfræðilæknir í augnskurðlækn.	LSH Augnlækningar	Reykjavík	201803/669
Ass. Professor in Crop Science	Agricultural University of Iceland	Hvanneyri	201803/668
Lektor í jarðrækt	Landbúnaðarháskóli Íslands	Hvanneyri	201803/667
Hjúkrunarfr., slysa- og bráðam.	Heilbrigðisstofnun Suðurnesja	Reykjanesbær	201803/666
Hjúkrunarfr., heimahjúkrun	Heilbrigðisstofnun Suðurnesja	Reykjanesbær	201803/665
Hjúkrunarfr., heimahjúkrun	Heilbrigðisstofnun Suðurnesja	Reykjanesbær	201803/664
Hjúkrunarfr., heimahjúkrun	Heilbrigðisstofnun Suðurnesja	Reykjanesbær	201803/663
Hjúkrunarfræðingur	HSA - heilsugæsluhjúkrun	Austurland	201803/662
Sérfræðingur	Vinnumálastofnun	Skagaströnd	201803/661
Lektor í hjúkrunarfræði	HÍ - Heilbrigðisvísindasvið	Reykjavík	201803/660
Umsjónam. Fasteigna/búnaðar	Heilbrigðisstofnun Suðurlands	Selfoss	201803/659
Lektor í geislafræði	HÍ - Heilbrigðisvísindasvið	Reykjavík	201803/658
Sjúkraliði	LSH Göngudeild mæðraverndar	Reykjavík	201803/657
Sálfræðingur	Heilbrigðisstofnun Vesturlands	Akranes	201803/656
Forstöðum. Ranns.- og tölfræði.	Ferðamálastofa	Reykjavík	201803/655
Hjúkrunarfræðingur	Landspítali, meðferðargeðdeild	Reykjavík	201803/654
Starfsmaður á sviði leyfismála	Ferðamálastofa	Akureyri	201803/653
Framhaldsskólakennarar	Verkmenntaskólinn á Akureyri	Akureyri	201803/652
Verkefnastjóri hugbúnaðarpr.	Alþingi	Reykjavík	201803/651

Þarftu að ráða starfsmann?

ráðum ráðningarstofa

Ráðum sérhæfir sig í ráðningum og mannauðsráðgjöf. Við komum til móts við þarfir fyrirtækja og sérsníðum lausnir sem henta hverjum viðskiptavini.

RÁÐUM EHF • Sími 519 6770 www.radum.is • radum@radum.is

VEG- OG GATNAHÖNNUN

Hnit verkfræðistofa óskar eftir starfsmanni á samgöngusvið. Starfið felst í hönnun vega, gatna, stíga og veitukerfa, ásamt áætlanagerð og gerð útboðsgagna.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Lágmark B.Sc. gráða í verk- eða tæknifræði
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð
- Góð samskiptafærni og jákvætt hugarfar
- Áhugi á að þróast í starfi í samhentum hópi fólks

Öll vinna Hnits er samkvæmt vottuðu gæðakerfi.

Umsóknir óskast sendar á kristinn@hnit.is. Farið verður með allar fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarmál.

Umsóknarfrestur er til 10. apríl.



<http://www.hnit.is>



LEIKSKÓLINN TJARNARSKÓGUR
gleði - virðing - samvinna - fagmennska

FLJÓTS DALSHÉRAÐ

Deildarstjórar

Tjarnarskógur auglýsir lausar til umsóknar 100% stöður deildarstjóra frá og með maí 2018 og jafnframt stöðu deildarstjóra til afleysingar í eitt ár frá ágúst 2018.

Menntunar- og hæfniskröfur eru:

- Leikskólakennaramenntun
- Færni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði í starfi
- Jákvæðni og áhugasemi
- Hæfni og reynsla af verkstjórn eða stjórnun almennt
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð
- Snýrtímennska og stundvísi

Leikskólinn Tjarnarskógur er 9 deilda leikskóli með 189 börn á tveimur starfsstöðum. Tjarnarskógur horfir til fjölgreindarkenningar Howards Gardners í starfsaðferðum sínum og einkunnarorð skólans eru: gleði, virðing, samvinna og fagmennska

Nánari upplýsingar um Tjarnarskóg eru á veffanginu; <http://tjarnarskogur.leikskolinn.is/>

Við hvetjum karla jafnt sem konur til að sækja um.

Umsóknarfrestur er til 13. apríl.

Nánari upplýsingar veitir Sigríður Herdis, skólastjóri, í síma 470-0660 eða á netfanginu sigridurp@egilsstadir.is.

Umsóknum með ferilskrá skal skilað á ofangreint netfang.

SUMMER JOBS

Need a job this summer?

We are looking for people to work at cleaning. Daytime work. Must speak english and/or icelandic.

If you are interested, please apply via email: stm@ath-thrif.is

PROFESSIONALISM
GOOD SERVICE
HONESTY



Skrifstofustarf

Hjúkrunarheimilið Skjól leitar að þjónustuliprum og jákvæðum starfsmanni í móttöku og almenn skrifstofustörf. Jafnframt hefur viðkomandi umsjón með ýmsum starfsþáttum á sviði tölvuvinnslu og skráningar. Um framtíðarstarf er að ræða.

Starfshlutfall 100%

Starfsmaður þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Umsóknarfrestur er til 8. apríl nk.

Hæfniskröfur:

- Menntun sem nýtist í starfi
- Góð íslenskukunnátta
- Góð tölvufærni
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Sjálfstæði og frumkvæði í starfi
- Góð samskiptahæfni
- Áreiðanleiki og sveigjanleiki

Upplýsingar veitir:

Guðný H. Guðmundsdóttir forstöðu-
maður hjúkrunar, Sími 522 5600 .

Umsóknir berist rafrænt á mannauðs-
stjóra, edda@skjol.is



Skjól hjúkrunarheimili
Kleppsvegi 64, 104 Reykjavík
Sími 522 5600



Hópstjóri í Samningastjórnun

Laust er til umsóknar starf hópstjóra í Samningastjórnun. Samningastjórnun er hópur innan Högunar á upplýsingatæknisviði. Þetta er tækifæri fyrir einstakling sem hefur áhuga á fjárhagslegum rekstri í upplýsingatækni og býr yfir þekkingu og skilningi á tæknilegu rekstrarumhverfi. Viðkomandi starfar náið með framkvæmdastjóra og forstöðumönnum upplýsingatæknisviðs.

Helstu verkefni

- » Samskipti við birgja vegna innkaupa og þjónustusamninga
- » Kostnaðareftirlit og áætlanagerð
- » Greining hagræðingartækifæra
- » Vöktun samninga og umsýsla með leyfismál
- » Innri útteiling á UT kostnaði
- » Skýrslugerð til stjórnenda

Hæfni og menntun

- » Mikil reynsla af samningagerð og birgjasamskiptum
- » Mikil greiningarhæfni og þekking á bókhaldi
- » Þekking á regluverki í kringum fjármálastofnanir er kostur
- » Skipulagshæfni, frumkvæði og fagmennska í starfi
- » Háskólamenntun sem nýtist í starfi

Nánari upplýsingar

Nánari upplýsingar veita Arinbjörn Ólafsson, framkvæmdastjóri upplýsingatæknisviðs, í síma 410 7001 eða arinbjorn.olafsson@landsbankinn.is og Berglind Ingvarsdóttir mannauðsráðgjafi í síma 410 7914 eða berglind.ingvarsdottir@landsbankinn.is.

Umsókn merkt „Samningastjórnun“ fyllist út á vef bankans, landsbankinn.is.
Umsóknarfrestur er til og með 12. apríl 2018.



Jafnlaunaúttekt
PwC

samskip



> Viðskiptastjóri í stórflutningadeild

Stórflutningadeild sér um umboðspjónustu fyrir skip sem koma til Íslands. Viðskiptastjóri sér um samskipti og þjónustu við viðskiptavinum Samskipa í umboðspjónustu með áherslu á skemmtiferðaskip.

Starfssvið

- Þjónusta við skemmtiferðaskip
- Uppgjör vegna skipa og eftirfylgni með þeim
- Tilboðs- og samningagerð
- Samskipti við erlendar útgerðir, þ.m.t. útgerðir skemmtiferðaskipa
- Samskipti við hafnir og yfirvöld

Menntunar- og hæfnikröfur

- Menntun á háskólastigi æskileg
- Haldgóð reynsla af sölumennsku og/eða þjónustustarfi
- Gott vald á íslensku og ensku í ræðu og riti
- Talnagleggni og góð tölvukunnátta

Æskilegir eiginleikar

- Afburða samskiptahæfileikar og jákvætt viðmót
- Metnaður, seigla og framsýni til að ná árangri í starfi
- Frumkvæði og áreiðanleiki
- Lausnamiðuð hugsun og sjálfstæði í vinnubrögðum

Umsóknarfrestur er til og með **9. apríl nk.**
Sótt er um starfið á vef Samskipa, www.samskip.is.

Nánari upplýsingar um starfið veitir rekstrarstjóri skiparekstrar, Blængur Blængsson, blaengur.blaengsson@samskip.com

Samskip eru alþjóðlegt flutningafyrirtæki sem býður flutningalausnir og tengda þjónustu á landi, sjó og í lofti með hagkvæmni að leiðarljósi. Starfsfólk Samskipa býður viðskiptavinum faglega ráðgjöf og heildarlausnir á sviði flutninga- og flutningatengdrar þjónustu. Við höfum á að skipa fjölbreyttum hópi starfsfólks sem vinnur ávallt með frumkvæði, samheldni og þekkingu að leiðarljósi. Við leggjum áherslu á markvissa fræðslu og þjálfun starfsfólks. Öryggis- og heilbrigðismál starfsfólks eru okkur mikilvæg og bjóðum við upp á fyrirmyndar vinnuáðstöðu.

TRAUSTUR STARFSKRAFTUR

Ég er kona á besta aldri í leit að góðu framtíðarstarfi hjá traustu fyrirtæki.

Ég er vön sölu og þjónustustörfum og hef margra ára reynslu í heildsölugeiranum.

Samviskusöm, heiðarleg, hef frumkvæði og á gott með að vinna sjálfstætt.

Æskilegur vinnutími 8-16 virka daga.

Hef meðmælendur, ferilskrá v. send.

Vinsamlegast hafið samband í hbara@isl.isl / 8217304.



RÍKISENDURSKOÐUN

Ríkisendurskoðun

Óskar eftir hæfum einstaklingi til að sinna ræstingu og umsjón fasteignar í fullu starfi.

Umsóknarfrestur er til og með 3. apríl 2018.

Sjá nánari upplýsingar á www.starfatorg.is



HÓPBÍLAR

Melabraut 18 - 220 Hafnarfirði - Sími 599-6000

Vegna aukinna verkefna óska Hópbílar eftir að ráða bifreiðastjóra

Starfshlutfall: Fullt starf.

Dagsetning ráðningar: 1. maí.

Starfslýsing: Leitum að bifreiðastjórum til þess að sjá um ýmsan akstur á höfuðborgarsvæðinu sem utan þess.

Hæfniskröfur: Rúturéttindi (ökuréttindaflokkur D og D1). Rík þjónustulund og góð mannleg samskipti. Hreint sakavottorð.

Hvetjum konur jafnt sem karla að sækja um

Hægt er að senda inn umsóknir á atvinna@hopbilar.is eða hafa samband við Davíð í síma 5996014.



Sveitarfélagið Bláskógabyggð er staðsett í uppsveitum Árnessýslu og nær yfir Biskupstungur, Laugardal og Þingvallasveit. Það er framsækið sveitarfélag í örum vexti þar sem búa rúmlega 1000 íbúar. Þrír þéttbýliskjarnar eru í sveitarfélaginu, þ.e. Laugarás, Laugarvatn og Reykholt. Leikskólinn Álfaborg er í Reykholti, sem er í 100 km fjarlægð frá Reykjavík.



Skólastjóri leikskólans Álfaborgar

Sveitarfélagið Bláskógabyggð auglýsir starf leikskólastjóra Álfaborgar, Reykholti, laust til umsóknar. Álfaborg er tveggja deilda leikskóli með um 37 börn og 14 starfsmenn í mismunandi starfshlutföllum. Í Álfaborg er metnaðarfullt skólastarf, góð samvinna starfsfólks, barna, foreldra og annarra samstarfsaðila skólans. Í farvegi er bygging nýs þriggja deilda leikskóla í Reykholti, fyrir allt að 60 börn, sem gert er ráð fyrir að verði tekinn í notkun 2019. Skólastjóri mun verða virkur þátttakandi í því verkefni að standsetja og hefja starfsemi í nýju skólahúsnæði.

Helstu verkefni

- Ábyrgð á daglegri starfssemi og rekstri
- Veita skólanum faglega forystu á sviði kennslu og skólaþróunar
- Stuðla að markvissri samfelli og tengslum milli skólastiga
- Stuðla að öflugum samstarfi heimila og skóla, sem og milli allra skólanna í sveitarfélaginu

Menntunar- og hæfniskröfur

- Leikskólakennaramenntun
- Stjórnunarreynsla
- Æskilegt er að viðkomandi hafi framhaldsmenntun á sviði stjórnunar eða skólaþróunar
- Mikilvægt er að umsækjandi hafi góða stjórnunar- og samskiptahæfileika og áhuga á skólaþróun



Upplýsingar veita:

Þórir Þorvarðarson
thorir@hagvangur.is

Geirlaug Jóhannsdóttir
geirlaug@hagvangur.is

Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is.

Umsóknarfrestur er til og með 15. apríl nk.



Vík í Mýrdal Vaxandi bær í fallegu umhverfi

Mýrdalshreppur er vaxandi um 640 manna sveitarfélag. Í Vík er öll almenn þjónusta svo sem leik-, grunn-, og tónskóli, heilsugæsla, dvalar- og hjúkrunarheimili og frábær aðstaða til allrar almennrar íþróttaiðkunar o.fl..

Náttúrufegurð er rómuð í Vík og nágrenni og samgöngur greiðar allt árið. Ferðaþjónusta er öflug og vaxandi í sveitarfélaginu og fjölbreyttir möguleikar á því sviði fyrir fólk með ferskar hugmyndir.

Það er margt að gerast í Vík þessi síðustu misseri. Íbúum fjölgaði um tæp 13% á síðasta ári og um 32% á síðustu þremur árum, en því miður dugar það ekki til að anna þörf okkar hér fyrir starfsfólk. Her er nú verið að byggja um 40 íbúðir, verið er að byggja nýtt 80 herbergja hótél og annað af svipaðri stærð fer af stað í vor og margt fleira er í burðarliðunum. Vík er því áhugaverður staður fyrir öflugt og dugmikið fólk.

Laus störf í sveitarfélaginu

Lausar eru til umsóknar þessar stöður:

Við leikskólann Mánasel

- Leikskólakennara og
- Proskapjálfa

Leitað er að hæfileikaríkum og metnaðarfullum einstaklingum í þessi störf. Æskilegt er að umsækjendur geti hafið störf sem fyrst.

Laun skv. kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags.

Nánari upplýsingar veitir Bergný Ösp Sigurðardóttir leikskólastjóri í síma 487-1241 eða 867-0525. Umsóknir má senda á netfangið berglin@vik.is, heimilisfangið Mýrdalshreppur Austurvegi 17 870 Vík.

Við Víkurskóla

- Grunnskólakennara á yngsta stigi
- Íþróttakennara til afleysingar í eitt ár

Leitað er að metnaðarfullum einstaklingum sem búa yfir frumkvæði og góðri fagþekkingu á skólastarfi og skólaþróun í þessi störf. Æskilegt er að kennari hafi reynslu af kennslu á yngsta stigi.

Laun skv. kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags.

Nánari upplýsingar veitir Þorkell Ingimarsson skólastjóri í síma 487-1242 eða 865-2258. Umsóknir má senda á netfangið thorkell@vik.is heimilisfangið Mýrdalshreppur Austurvegi 17 870 Vík.

Á skrifstofu Mýrdalshrepps

- Skipulags- og byggingarfulltrúa

Leitað er að metnaðarfullum og hæfileikaríkum einstaklingi til að sinna þessu starfi á miklum uppgangstímum í sveitarfélaginu. Skilyrði er að umsækjendur hafi réttindi til að starfa sem byggingarfulltrúar. Æskilegt er að umsækjendur geti hafið störf sem fyrst.

Laun skv. kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags.

Nánari upplýsingar veitir Ásgeir Magnússon sveitarstjóri í síma 487-1210 eða 898-3340. Umsóknir má senda á netfangið sveitarstjori@vik.is heimilisfangið Mýrdalshreppur Austurvegi 17 870 Vík.



Sérfræðingur í reikningshaldi

Ríkisskattstjóri er í fararbroddi innleiðingar rafrænnar stjórnsýslu. Helstu verkefni embættisins eru álagning opinberra gjalda, skatteftirlit og að halda lögbundnar skrár en að auki er embættinu falið að sinna ýmsum sérverkefnum til lengri eða skemmri tíma, nú síðast verkefni tengdu ráðstöfun séreignarsparnaðar til kaupa á fyrstu íbúð.

Vinnustaðurinn er fjölmennur og dreifist starfsemin á átta starfsstöðvar um landið. Meginstefna ríkisskattstjóra í mannauðsmálum byggir á gagnkvæmu trausti, tillitssemi og virðingu á milli stofnunar og starfsmanna og starfsmanna sín í milli. Gildi ríkisskattstjóra eru fagmennska, jákvæðni og samvinna. Ríkisskattstjóri er þátttakandi í tilraunaverkefni á vegum Velferðarráðuneytisins um styttingu vinnuvikunnar í 36 stundir.

Helstu verkefni og ábyrgð

Hlutverk ársreikningaskrár er móttaka og varsla ársreikninga. Gerðar eru úrtakskannanir og athuganir á ársreikningum, samstæðureikningum og skýrslum stjórna í því skyni að sannreyna að gögn séu í samræmi við ársreikningalög. Helstu verkefni eru yfirferð ársreikninga og mat á því hvort þeir uppfylli skilyrði laga um form og efni. Einnig aðstoð við eftirlit með fylgni við alþjóðlega reikningsskilastaðla, IFRS, og mat á stöðu félaga vegna lækkunar hlutfjár.

Hæfnikröfur

- Háskólapróf í viðskiptafræði
- MS í reikningshaldi eða sambærileg sérhæfing á sviði endurskoðunar og reikningsskila æskileg
- Gott vald á íslensku og ensku í töluðu og rituðu máli
- Öguð, sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð
- Mjög góð samskiptahæfni

Nánari upplýsingar um starfið

Umsóknir skulu fylltar út á rsk.is/starf eða á Starfatorgi. Ferilskrá sem inniheldur ítarlegar upplýsingar m.a. um menntun, fyrri störf, umsagnaraðila og annað er máli skiptir þarf að fylgja með svo umsókn teljist fullnægjandi. Laun greiðast samkvæmt gildandi kjarasamningi fjármálaráðherra og viðkomandi stéttarfélags.

Umsóknarfrestur er til og með 9. apríl 2018 og verður öllum umsóknum svarað þegar ákvörðun hefur verið tekin um ráðningu.

Upplýsingar um starfið veitir Inga Hanna Guðmundsdóttir í síma 442 1151.

RSK RÍKISSKATTSTJÓRI

✉
rsk@rsk.is

442 1000
Þjónustuver opið:
Mán.-fim. 9:00-15:30
Fös. 9:00-14:00



RÁÐNINGAR

Hver einstök ráðning er mikilvæg fjárfesting og er hagar bæði fyrirtækis og viðkomandi einstaklings að vel takist til.

intellecta

Síðumúla 5 • 108 Reykjavík • 511 1225 • intellecta.is

S4S LEITAR AÐ

SKEMMTILEGU OG METNAÐARFULLU FÓLKI

ERUM VIÐ AÐ LEITA AÐ ÞÉR? VIÐ LEITUM AÐ FÓLKI Á ÖLLUM ALDRI TIL AÐ VERA PARTUR AF FJÖRUGRI OG ÖFLUGRI LIÐSHEILD HJÁ FLOTTU FYRIRTÆKI.

Toppskórinn

VIÐ ÓSKUM EFTIR STARFSMANNI Í FULLT STARF Í TOPPSKÓINN OUTLET

Helstu verkefni

- Sala
- Þjónusta við viðskiptavinum
- Daglegur rekstur og aðstoð við verslunarstjóra

Hæfniskröfur

